

Stjórnartíðindi

2004 - B-deild - B127-128

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfunduð skjalsins prentteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 127-128

Nr. 823-838

2004

Efnisyfirlit B 127-128 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
823	14. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð, nr. 521/2004, um lánshlutfall og hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa, með síðari breytingum	2145
824	14. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 522/2004, um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf	2146
825	22. sept.	Reglur um Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahús	2147-2149
826	7. okt.	Auglýsing um gildistöku nokkurra ákvæða laga nr. 53/2004 vegna aðildar Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum	2150
827	5. okt.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs	2150
828	6. okt.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur	2151
829	8. okt.	Arðskrá fyrir veiðifélagið Flóku í Borgarfirði	2151
830	1. okt.	Auglýsing um skipulagsmál á Keflavíkurflugvelli	2152-2153
831	8. okt.	Reglur um stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og úthlutun úr sjóðnum	2153-2154
832	30. sept.	Auglýsing um deiliskipulag þjónustusvæðis innan þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum	2154
833	8. okt.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar vegna Austurgötu 29B í Hafnarfirði	2155
834	5. okt.	Reglugerð um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um lyfjamál (IV)	2155-2159
835	5. okt.	Reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um ríkisaðstoð (III)	2159-2173
836	17. sept.	Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra	2174-2178
837	4. okt.	Reglugerð um námskeið og prófraun til að öðlast löggildingu til sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa	2179-2183
838	13. okt.	Gjaldskrá fyrir ljósrit eða afrit sem veitt eru á grundvelli upplýsingalaga	2184

STJÓRNARTÍÐINDI B 127 – 2004

14. október 2004

2145

Nr. 823

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð, nr. 521/2004,
um lánshlutfall og hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað orðanna „Uppfærð áhvílandi ÍLS-veðbréf og fasteignaveðbréf, sem skipt hefur verið fyrir húsbref“ í 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar kemur: Uppfærð áhvílandi lán Íbúðalánasjóðs.

2. gr.

Í stað orðanna „áhvílandi ÍLS-veðbréfa og fasteignaveðbréfa, sem skipt hefur verið fyrir húsbref“ í 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar kemur: áhvílandi lána Íbúðalánasjóðs.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 19. gr. og 29. gr. laga um hús-næðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Lánsumsóknir sem berast sjóðnum fyrir gildistöku reglugerðarinnar skulu afgreiddar á grundvelli 3. og 4. gr. reglu-gerðar nr. 521/2004.

Félagsmálaráðuneytinu, 14. október 2004.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð nr. 522/2004,
um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf.

1. gr.

Í stað orðanna „innan áttatíu og fimm hundraðshluta af brunabótamatsverði íbúðar“ í 2. mgr. 30. gr. reglugerðarinnar kemur: innan brunabótamatsverðs íbúðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 19. gr. og 29. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 14. október 2004.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.

REGLUR

um Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala - háskólasjúkrahús.

1. gr.

Almennt.

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahús er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs á fræðasviðum hjúkrunar- og ljósmóðurfræði. Stofnunin heyrir undir hjúkrunarfræðideild og er starfrækt við Háskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk stofnunarinnar er:

- a) að styðja við og efla rannsóknir kennara við hjúkrunarfræðideild og hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra við Landspítala – háskólasjúkrahús, m.a. með því að byggja upp tækjabúnað, hugbúnað, gagnabanka og önnur mikilvæg tæki til rannsókna,
- b) að efla tengsl rannsókna og kennslu og samhæfa rannsóknir í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði sem unnið er að við Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahús,
- c) að styðja kennslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og veita hjúkrunar- og ljósmóðurfræðinemum í framhaldsnámi, lausráðnum kennurum og ungum vísindamönnum aðstöðu og búnað til rannsóknarstarfa eftir því sem kostur er,
- d) að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði hjúkrunar- og ljósmóðurfræði og sterkum tengslum við heilbrigðisstofnanir, atvinnu- og þjóðlíf,
- e) að sinna þjónustuverkefnum á sviði hjúkrunar- og ljósmóðurfræði,
- f) að gangast fyrir ráðstefnum, námskeiðum og fyrirlestrum í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði og miðla niðurstöðum rannsókna á þeim fræðasviðum,
- g) að veita upplýsingar og ráðgjöf varðandi rannsóknir í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði.

3. gr.

Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað svo sem kostur er. Starfslíð stofnunarinnar, þ.m.t. kennarar hjúkrunarfræðideildar, hafi netaðgang að öllum tímaritum og öðrum aðbúnaði sem bókasafn LSH hefur upp á að bjóða.

Stofnunin veitir starfslíði sínu skv. 8. gr. aðstöðu og nauðsynleg gögn og búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

4. gr.

Skipulag.

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði starfar í einni rannsóknastofnu. Skrifstofuhald er sameiginlegt með hjúkrunarfræðideild og er skrifstofustjóri hjúkrunarfræðideildar jafnframt skrifstofustjóri stofnunarinnar.

Deildarfundi er heimilt að skipta stofnuninni upp í faglega sjálfstæðar rannsóknastofur, í samræmi við 27. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

5. gr.

Stjórn.

Deildarfundur í hjúkrunarfræðideild skipar stofnuninni þriggja manna stjórn til tveggja ára í senn. Skulu a.m.k. tveir vera úr hópi fastra kennara deildarinnar og einn tilnefndur af hjúkrunarforstjóra Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Fulltrúa framhaldsnema við deildina er heimilt að sitja fundi með fullt málfrelsi og tillögurétt.

Stjórnin skiptir með sér verkum, en formaður skal ávallt vera annar tveggja úr hópi fastaráðinna kennara hjúkrunarfræðideildar. Sé ekki ráðinn forstöðumaður við stofnunina kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd hennar.

6. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundir bréflega, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara.

Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti hjúkrunarfræðideildar, hjúkrunarforstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss eða rektor ber fram slíka ósk og hafa þeir þá málfrelsi og tillögurétt á fundinum, en ekki atkvæðisrétt.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forseta hjúkrunarfræðideildar og hjúkrunarforstjóra Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Sé forstöðumaður ráðinn til stofnunarinnar situr hann stjórnarfundir með málfrelsi og tillögurétt, en án atkvæðisréttar.

7. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin mótar stefnu og tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og setur henni starfsreglur.

Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart deild, samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og gerir tillögu til deildar um fjárveitingar og skiptingu þeirra ásamt skiptingu annarra tekna.

Stjórnin gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórnin efnir til ársfundar með starfsmönnum rannsóknastofnunar þar sem ársskýrsla er lögð fram. Ársfundur er jafnframt vettvangur umræðu um rekstur og starfsemi stofnunarinnar, nýjungar í vísindum og tækni ásamt umræðu um rannsóknastefnu. Seturétt á ársfundi hafa auk starfsmanna stofnunarinnar gestir samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

8. gr.

Forstöðumaður og starfsmenn.

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann að fenginni tillögu deildar og á grundvelli umsagnar stjórnar stofnunarinnar, sbr. 6. tölul. 27. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands. Rektor setur forstöðumanni erindisbréf.

Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum laga og reglna fyrir Háskóla Íslands.

Sé um að ræða ráðningu í starf og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum fer stjórn stofnunarinnar eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið.

9. gr.

Fjármál.

Tekjur Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

- a) framlag frá hjúkrunarfræðideild,
- b) framlag frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem nemur kostnaði við starf eins sérfræðings í hjúkrunarfræði við sjúkrahúsið.
- c) styrkir til einstakra verkefna,
- d) greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- e) tekjur af útgáfustarfsemi,
- f) aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlög úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárhagsáætlun skal kynnt og lögð fram til samþykktar á deildarfund. Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

10. gr.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 720/2001 um Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands.

Háskóla Íslands, 22. september 2004.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

AUGLÝSING

um gildistöku nokkurra ákvæða laga nr. 53/2004 vegna aðildar Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum.

Á grundvelli 12. gr. laga nr. 53 1. júní 2004 um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum (evrópski einkaleyfasamningurinn o. fl.), og með sérstakri hliðsjón af aðild Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum o.fl. 1. nóvember 2004 er hér með tilkynnt að ákvæði a-m-liðar og o-r-liðar 9. gr. og 10. gr. laganna öðlast gildi sama dag, 1. nóvember 2004.

Iðnaðarráðuneytinu, 7. október 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs, er taki gildi 1. nóvember nk.

Gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs, nr. 254, 24. mars 2003:

3. gr. breytist og orðist svo:

Lágmarksrennsli fyrir hvern notendahóp:

Einbýlishús 3 l/mín.

Sumarhús 2,5 l/mín.

Iðnaðarhúsnæði 2,5 l/mín.

Lögbýli 4 l/mín. en hafa kauprétt á allt að 15 l/mín.

4. gr. breytist og orðist svo:

Hver lítri á mínútu kostar kr. 17.880 á ári, án fastagjalds og virðisaukaskatts.

Notendur sem kaupa 4 l/mín., eða minna greiða einnig fastagjald kr. 8.028 á ári, auk virðisaukaskatts.

5. gr. breytist og orðist svo:

Fyrirtæki sem samið hafa um kaup á heitu vatni samkvæmt rennslismæli greiða kr. 58,07 fyrir rúmmetra vatns auk virðisaukaskatts, en greiða þó að lágmarki samkvæmt samningi um fastan lítrafjölda.

Iðnaðarráðuneytinu, 5. október 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur, er taki gildi 1. nóvember 2004.

Gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur, nr. 797, 15. október 2003:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 7,0%.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. október 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélagið Flóku í Borgarfirði.

Jörð	Einingar
Steðji	140,805
Brúsholt	81,270
Skógar	122,850
Hrísar	83,760
Eyri	119,570
Múlastaðir	142,695
Varmalækur	137,025
Bær	106,785
Langholt/Laugarholt	30,240
Lundur	7,500
Gullberastaðir	8,000
Lundartunga	19,500
<i>Samtals</i>	<i>1.000,000</i>

Arðskrá þessi gildir fyrir árin 2004, 2005 og 2006.

Samkvæmt ákvæðum 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, staðfestist hér með, til þess að öðlast þegar gildi og til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli, ofangreind arðskrá Veiðifélags Flóku, Borgarfirði.

Landbúnaðarráðuneytinu, 8. október 2004.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um skipulagsmál á Keflavíkurflugvelli.

1. Breyting á deiliskipulagi Flugstöðvarsvæðis á Keflavíkurflugvelli.

a. Breyting á deiliskipulagi á svæði norðan viðhaldsskýlis Flugleiða.

Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytis samþykkti þann 15. júní 2004 breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðis á Keflavíkurflugvelli sem upphaflega var staðfest af utanríkisráðherra 25. mars 1997.

Breytingin nær yfir hluta af svæði D, flugskýli, hluta svæðis C, flugfrakt og hluta af svæði G, friðhafnarsvæði, eins og þau eru skilgreind í skipulagsskilmálum. Bætt er við 4 lóðum, nr. 21, 27, 29 og 31 og mörkum einnar nr. 10 breytt. Felldar eru út lóðir merktar A og B. Lóðirnar eru ætlaðar til flugtengdrar þjónustu í tengslum við aðra starfsemi á reitnum, svo sem vörugeymslur og skrifstofuhúsnæði. Gerðar voru minniháttar breytingar á skipulags- og byggingarskilmálum frá mars 1997.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst almenningi til sýnis, samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 á skrifstofu flugvallarstjóra á Keflavíkurflugvelli frá 13. febrúar 2004 til mánudags 15. mars 2004. Frestur til að skila inn athugasemdum til flugvallarstjóra á Keflavíkurflugvelli var til 29. mars 2004. Birtar voru auglýsingar um deiliskipulagsbreytinguna í Lögbirtingablaði 13. febrúar 2004. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd varnarsvæða fjallaði um hið breytta deiliskipulag ásamt breytingum á skipulags- og byggingarskilmálum á fundi 23. apríl 2004 og samþykkti deiliskipulagsbreytinguna.

b. Breyting á deiliskipulagi lóðar Suðurflugs.

Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytis samþykkti þann 26. ágúst 2004 breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðis á Keflavíkurflugvelli sem upphaflega var staðfest af utanríkisráðherra 25. mars 1997.

Um er að ræða landnotkunarbreytingu á lóð byggingar Suðurflugs úr fluggörðum í flugfrakt og flugafgreiðslu.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin var auglýst á skrifstofu flugvallarstjóra á Keflavíkurflugvelli frá 13. maí 2004 til og með 10. júní 2004. Ennfremur voru birtar auglýsingar í Lögbirtingablaði 12. maí. Frestur til athugasemda var til 25. júní 2004.

Skipulagsbreytingin var til umfjöllunar á fundi skipulags-, byggingar- og umhverfisnefndar varnarsvæða. Á fundi 25. júní 2004 höfðu engar athugasemdir borist og samþykkti nefndin skipulagsbreytinguna og afgreiddi hana til varnarmálaskrifstofu með fyrirvara um að engar athugasemdir hefðu borist fyrir lok dags. 25. júní 2004. Fimmtudag 5. júlí 2004 barst béf frá byggingarfulltrúa flugþjónustusvæðis dags. 28. júní 2004, þar sem fram kemur að engar athugasemdir hefðu borist eftir að athugasemdafresti lauk 25. júní 2004.

2. Óveruleg breyting á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðis á Keflavíkurflugvelli.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi lóðar norðurbyggingar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytis samþykkti þann 2. september 2004 óverulega breytingu á deiliskipulagi Flugstöðvarsvæðis á Keflavíkurflugvelli sem upphaflega var staðfest af utanríkisráðherra 25. mars 1997.

Breytingin varðar norðurbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, og er í því fólgin að byggðar verða tvær viðbyggingar úr gleri vestan og austan megin við norðurbyggingu Flug-

stöðvar Leifs Eiríkssonar að stærð hvor um sig um 920 m². Ennfremur eru gerðar minniháttar breytingar á fyrirkomulagi bílaaðkomu að flugstöðinni.

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt frá 5. apríl 2004 til 14. júní 2004, auk þess sem deiliskipulagsuppdráttur er sýnir fyrirhugaða breytingu var til sýnis á skrifstofu flugvallarstjóra á Keflavíkurflugvelli í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, á venjulegum skrifstofutíma, framangreint tímabil. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma auk þess sem að eftirtaldir samþykktu skipulagsbreytinguna með áritun sinni á skipulagsuppdráttinn. Þeir eru: Vegna flugeldhúss Flugleiða hf., Klemens Sæmundsson, vegna Flugflutninga ehf., Þórarinn Kjartansson og vegna sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli, Sævar Lýðsson fulltrúi.

Skipulagsbreytingin var samþykkt í skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd varnarsvæða 25. júní 2004 og afgreidd til varnarmálaskrifstofu. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli mun taka að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Allar framangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsbreytingarnar öðlast þegar gildi.

Keflavíkurflugvelli, 1. október 2004.

F.h. flugvallarstjórans á Keflavíkurflugvelli,

Ómar Ingvarsson, yfirmaður flugvallarssviðs.

REGLUR

um stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og úthlutun úr sjóðnum.

1. gr.

Í Verkefnasjóð sjávarútvegsins rennur gjald, sem lagt er á skv. lögum nr. 37, 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum, auk andvirðis afla sem ekki reiknast til aflamarks fiskiskips, samkvæmt b-lið 7. gr. laga nr. 129, 20. desember 2001, um breytingar á lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (ákvæði til bráðbirgða XXIX).

2. gr.

Verkefnasjóður sjávarútvegsins er í vörslu sjávarútvegsráðuneytisins og skal verja fé úr honum til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum sbr. 4. gr.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra tilnefnir þrjá menn í stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og er hlutverk þeirra að gera tillögur til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum. Stjórnin skal halda fundi a.m.k. einu sinni í mánuði eða eftir því sem tilefni gefst.

4. gr.

Fé úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins skal einungis úthluta til verkefna sem falla undir verkefnasvið Hafrannsóknastofnunarinnar, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, fiskveiðieftirlits Fiskistofu og Rannsóknasjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs (AVS-rannsóknasjóð).

Í tillögum sínum til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum skal stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins líta til þess hvort rannsóknaverkefni falli að langtímaáætlun Hafrannsóknastofnunarinnar eða Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins eða þeim sérstöku verkefnum sem Fiskistofu eru falin vegna eftirlits með fiskveiðum. Leggi stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins til að fé sé veitt til Rannsóknasjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs skal því varið til rannsóknaverkefna einstaklinga, rannsóknahópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja samkvæmt áherslum AVS-rannsóknasjóðs á grundvelli faglegs mats stjórnar þess sjóðs á gæðum rannsóknaverkefna, færni þeirra einstaklinga sem stunda rannsóknirnar og aðstöðu þeirra til að sinna verkefninu.

Stjórn Verkefnasjóðs tekur ákvarðanir um tillögur til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum á grundvelli rökstuddra umsókna sem sjóðnum berast. Stjórnin leitar ráðgjafar umfram þann rökstuðning sem fylgir umsóknum ef þurfa þykir, að mati stjórnarinnar.

5. gr.

Skipulagsskrá Verkefnasjóðs sjávarútvegsins skal endurskoðuð fyrir árslok 2005.

6. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávараfla, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. október 2004.

Árni M. Mathiesen.

Vilhjálmur Egilsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag þjónustusvæðis innan þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti hreppsnefnd Kelduneshrepps, þann 28. september 2004, deiliskipulag fyrir þjónustusvæði o.fl. innan þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum, í norðurhluta Ásbyrgis.

Í deiliskipulaginu eru skilgreind tvö aðalsvæði: Svæði fyrir verslun og þjónustu annars vegar og hins vegar opin svæði til sérstakra nota. Megináhersla er á:

1. Uppbyggingu gestamóttöku, Gljúfrastofu.
2. Uppbyggingu gistirýmis, hótels, auk 1-2 íbúðarhúsa er tengjast þjónustureitnum.
3. Stækkun á tjaldsvæði með aukinni þjónustu og allt að 8 smáhýsum.
4. Breytingu á aðkeyrslu inn á svæðið frá þjóðvegi 85.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Kelduhverfi, 30. september 2004.

F.h. hreppsnefndar Kelduneshrepps,

Katrín Eymundsdóttir oddviti.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar vegna Austurgötu 29B í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 14. september 2004 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar vegna Austurgötu 29B í Hafnarfirði. Breytingin felst í að nýtingarhlutfall lóðarinnar Austurgata 29B er hækkað úr 0,45 í 0,50 og grunnflötur húss á lóðinni er stækkaður upp í 105 m². Farið var með breytinguna samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 8. október 2004.

F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar,

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um lyfjamál (IV).

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 494/2003 frá 18. mars 2003 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 um gjöld sem greiða ber til Lyfjamálastofnunar Evrópu, sem bætist sem undirliður við lið 15h (reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95) í XIII. kafla II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2003 frá 26. september 2003 skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Reglugerðin og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2003, sbr. 1. gr., sem birt hefur verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 64, 18. desember 2003, bls. 14, eru birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 47. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 5. október 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 494/2003**

frá 18. mars 2003

**um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 um gjöld sem greiða ber til
Lyfjamálastofnunar Evrópu**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 frá
10. febrúar 1995 um gjöld sem greiða ber til Lyfjamála-
stofnunar Evrópu ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með reglu-
gerð (EB) nr. 2743/98 ⁽²⁾, einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 1. mgr. 57. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2309/93 frá 22. júlí 1993 um málsmeðferð Banda-
lagsins við veitingu leyfa fyrir lyfjum sem ætluð eru
mönnum og dýrum og eftirlit með þeim og um
stofnun Lyfjamálastofnunar Evrópu ⁽³⁾, eins og henni
var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnar-
innar (EB) nr. 649/98 ⁽⁴⁾, eru tekjur stofnunarinnar
fjárframlag og gjöld sem fyrirtæki greiða fyrir að fá
og halda markaðsleyfi Bandalagsins og fyrir aðra
þjónustu sem Lyfjamálastofnunin veitir.
- 2) Stærstur hluti tekna stofnunarinnar er af gjöldum.
- 3) Frá því að endurbætur voru gerðar á gjaldakerfinu
árið 1998 hafa tekjur stofnunarinnar af gjöldum
lækkað hlutfallslega vegna verðbólgu, á meðan
ríkjandi markaðsaðstæður hafa leitt til aukinna
útgjalda.
- 4) Tölur frá Hagstofu Evrópubandalaganna (Eurostat)
sýna að nauðsynlegt er að hækka öll gjöld um 10% til
að ná sama kaupmætti og gjöldin höfðu við álagningu
þeirra árið 1998.
- 5) Þar eð stofnunin á í efnahagsörðugleikum, sem hafa
áhrif á möguleika hennar til að tryggja tekjustofna
sína og þar með að rækja verkefni sín, ber að hækka
frekar öll gjöld, nema árgjaldið, um 6%.
- 6) Með tilliti til þess að mikilvægi eftirlits eftir veitingu
leyfis er vaxandi þáttur í starfi stofnunarinnar og til
þess að auka getu Bandalagsins til að greina og stýra
þeirri áhættu sem einkum fylgir notkun nýrra lyfja,
ber að hækka árgjaldið um 16%.

7) Meginreglur og heildarsamsetning gjaldanna verða
endurskoðaðar í tengslum við almenna athugun á
gjaldakerfinu, einkum á grundvelli breytinganna á
reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2309/93, þegar þær hafa
verið samþykktar. Þessar nýju fjárhæðir gilda því í
takmarkaðan tíma.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglu-
gerð, eru í samræmi við álit fastanefndanna.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 297/95 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi breytingar verði á 3. gr.:

- a) Í fyrstu undirgrein a-liðar 1. mgr. komi „232 000
evrur“ í stað „200 000 eður“.
- b) Í annarri undirgrein a-liðar 1. mgr. komi „23 200
evrur“ í stað „20 000 eður“.
- c) Í þriðju undirgrein a-liðar 1. mgr. komi „5 800
evrur“ í stað „5 000 eður“.
- d) Í fyrstu undirgrein b-liðar 1. mgr. komi „116 000
evrur“ í stað „100 000 eður“.
- e) Í annarri undirgrein b-liðar 1. mgr. komi „23 200
evrur“ í stað „20 000 eður“.
- f) Í þriðju undirgrein b-liðar 1. mgr. komi „5 800
evrur“ í stað „5 000 eður“.
- g) Í fyrstu undirgrein c-liðar 1. mgr. komi „58 000
evrur“ í stað „50 000 eður“.
- h) Í annarri undirgrein c-liðar 1. mgr. komi „11 600
evrur“ í stað „10 000 eður“.
- i) Í fyrstu undirgrein a-liðar 2. mgr. komi „5 800
evrur“ í stað „5 000 eður“.
- j) Í fyrstu undirgrein b-liðar 2. mgr. komi „69 600
evrur“ í stað „60 000 eður“.
- k) Í 3. mgr. komi „11 600 evrur“ í stað „10 000 eður“.
- l) Í 4. mgr. komi „17 400 evrur“ í stað „15 000 eður“.
- m) Í 5. mgr. komi „5 800 evrur“ í stað „5 000 eður“.
- n) Í 6. mgr. komi „75 600 evrur“ í stað „60 000 eður“.

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 35, 15.2.1995, bls. 1.⁽²⁾ Stjóð. EB L 345, 19.12.1998, bls. 3.⁽³⁾ Stjóð. EB L 214, 24.8.1993, bls. 1.⁽⁴⁾ Stjóð. EB L 88, 24.3.1998, bls. 7.

2. Eftirfarandi breytingar verði á 4. gr.:

- a) Í fyrstu undirgrein komi „11 600 evrur“ í stað „10 000 eður“.
- b) Í annarri undirgrein komi „46 400 evrur“ í stað „40 000 eður“.

3. Eftirfarandi breytingar verði á 5. gr.:

- a) Í fyrstu undirgrein a-liðar 1. mgr. komi „116 000 evrur“ í stað „100 000 eður“.
- b) Í annarri undirgrein a-liðar 1. mgr. komi „11 600 evrur“ í stað „10 000 eður“.
- c) Í þriðju undirgrein a-liðar 1. mgr. komi „5 800 evrur“ stað „5 000 eður“.
- d) Í fjórðu undirgrein a-liðar 1. mgr. komi „58 000 evrur“ í stað 50 000 eður“ og „5 800 evrur“ í stað „5 000 eður“.
- e) Í fyrstu undirgrein b-liðar 1. mgr. komi „58 000 evrur“ í stað „50 000 eður“.
- f) Í annarri undirgrein b-liðar 1. mgr. komi „11 600 evrur“ í stað „10 000 eður“.
- g) Í þriðju undirgrein b-liðar 1. mgr. komi „5 800 evrur“ í stað „5 000 eður“.
- h) Í fjórðu undirgrein b-liðar 1. mgr. komi „29 000 evrur“ í stað 25 000 eður“ og „5 800 evrur“ í stað „5 000 eður“.
- i) Í fyrstu undirgrein c-liðar 1. mgr. komi „29 000 evrur“ í stað „25 000 eður“.
- j) Í annarri undirgrein c-liðar 1. mgr. komi „5 800 evrur“ í stað „5 000 eður“.
- k) Í þriðju undirgrein c-liðar 1. mgr. komi „5 800 evrur“ í stað „5 000 eður“.
- l) Í fyrstu undirgrein a-liðar 2. mgr. komi „5 800 evrur“ stað „5 000 eður“.
- m) Í fyrstu undirgrein b-liðar 2. mgr. komi „34 800 evrur“ í stað „30 000 eður“.

- n) Í annarri undirgrein b-liðar 2. mgr. komi „5 800 evrur“ í stað „5 000 eður“.
- o) Í 3. mgr. komi „5 800 evrur“ í stað „5 000 eður“.
- p) Í 4. mgr. komi „17 400 evrur“ í stað „15 000 eður“.
- q) Í 5. mgr. komi „5 800 evrur“ í stað „5 000 eður“.
- r) Í 6. mgr. komi „25 200 evrur“ í stað „20 000 eður“.

4. Eftirfarandi breytingar verði á 6. gr.:

- a) Í fyrstu undirgrein komi „11 600 evrur“ í stað „10 000 eður“.
- b) Í annarri undirgrein komi „23 200 evrur“ í stað „20 000 eður“.

5. Eftirfarandi breytingar verði á 7. gr.:

- a) Í fyrstu undirgrein 1. mgr. komi „58 000 evrur“ í stað „50 000 eður“.
- b) Í annarri undirgrein 1. mgr. komi „17 400 evrur“ í stað „15 000 eður“.
- c) Í fyrstu undirgrein 2. mgr. komi „17 400 evrur“ í stað „15 000 eður“.

6. Eftirfarandi breytingar verði á 8. gr.:

- a) Í fyrsta undirlið 1. mgr. komi „69 600 evrur“ í stað „60 000 eður“.
- b) Í öðrum undirlið 1. mgr. komi „34 800 evrur“ í stað „30 000 eður“.
- c) Í 2. mgr. komi „5 800 evrur“ í stað „5 000 eður“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. mars 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 108/2003

frá 26. september 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2003 frá 20. júní 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 494/2003 frá 18. mars 2003 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 um gjöld sem greiða ber til Lyfjamála-stofnunar Evrópu ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 15h (reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32003 R 0494:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 494/2003 frá 18. mars 2003 (Stjtið. EB L 73, 19.3.2003, bls. 6).“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 494/2003 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. september 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 9.10.2003, bls. 22 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 51, 9.10.2003, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 73, 19.3.2003, bls. 6.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel, 26. september 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Prins Nikulás af Liechtenstein

Ritarar sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Brinkmann

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um ríkisaðstoð (III).

1. gr.

Eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB), sem vísað er til á eftir lið 1f í XV. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2003, frá 20. júní 2003, um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XV. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2204/2002, frá 12. desember 2002, um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til eflingar atvinnu.

2. gr.

Reglugerðin og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2003, sbr. 1. gr., sem birt hefur verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 51, dags. 9. október 2003 (bls. 25), eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 5. október 2004.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ingvi Már Pálsson.

Fylgiskjal.**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 83/2003**

2003/EES/51/19

frá 20. júní 2003

um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2002 frá 6. desember 2002 (¹).
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2204/2002 frá 12. desember 2002 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til eflingar atvinnu (²), eins og hún var leiðrétt í Stjtið. EB L 349, 24.12.2002, bls. 126, skal felld inn í samninginn.

ÁKVÆÐID EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 1f (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001) í XV. viðauka við samninginn:

„Aðstoð til eflingar atvinnu

- 1g. **32002 R 2204:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2204/2002 frá 12. desember 2002 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til eflingar atvinnu (Stjtið. EB L 337, 13.12.2002, bls. 3), eins og hún var leiðrétt í Stjtið. EB L 349, 24.12.2002, bls. 126.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í stað orðanna „87. og 88. gr. EB-sáttmálans“ komi orðin „61. og 62. gr. EES-samningsins“.
- b) Í stað orðanna „1. mgr. 87. gr. sáttmálans“ komi orðin „1. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.
- c) Í stað orðanna „b-lið 2. mgr. 87. gr. sáttmálans“ komi orðin „b-lið 2. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.
- d) Í stað orðanna „3. mgr. 87. gr. sáttmálans“ komi orðin „3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.

e) Í stað orðanna „3. mgr. 88. gr.“ komi orðin „3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól“.

f) Í stað orðanna „a-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans“ komi orðin „a-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.

g) Í stað orðanna „c-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans“ komi orðin „c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.

h) Í stað orðsins „aðildarríki“ (í hvaða tölu og falli sem er) komi orðin „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“ (í viðeigandi tölu og falli).

i) Í stað orðsins „framkvæmdastjórnin“ (í hvaða falli sem er) komi orðin „lögð eftirlitsstofnun eins og hún er skilgreind í 62. gr. EES-samningsins“ (í viðeigandi falli).

j) Í stað fyrsta málslíðar 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi: „Reglugerð þessi skal gilda um aðstoð í öllum atvinnugreinum sem falla undir 61.–64. gr. EES-samningsins, að meðtalinni starfsemi sem tengist framleiðslu, vinnslu eða sölu á vörum sem taldar eru í viðbæti við viðauka þennan og falla undir samninginn.“

k) Í stað orðanna „sameiginlega markaðnum“ í 3. og 11. gr. komi orðin „framkvæmd EES-samningsins“.

l) Upplýsingarnar sem um getur í I. viðauka ber að senda á netfangið registry@eftasurv.int.

m) Skýrslurnar sem um getur í II. viðauka ber að senda á netfangið registry@eftasurv.int.

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 2204/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 21. júní 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(¹) Stjtið. ESB L 38, 13.2.2003, bls. 34 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 9, 13.2.2003, bls. 23.

(²) Stjtið. EB L 337, 13.12.2002, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. júní 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2204/2002

frá 5. desember 2002

um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til eflingar atvinnu

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 994/98 frá 7. maí 1998 um beitingu 92. og 93. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins gagnvart tilteknum flokkum altækrar ríkisaðstoðar⁽¹⁾, einkum iv-lið a-liðar og b-lið 1. mgr. 1. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð⁽²⁾,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 994/98 er framkvæmdastjórninni heimilað að lýsa því yfir, í samræmi við 87. gr. sáttmálans, að við tiltekna aðstæður sé aðstoð til að efla atvinnu samrýmanleg sameiginlega markaðnum og falli ekki undir ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningaskyldu.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 994/98 er framkvæmdastjórninni einnig heimilað að lýsa því yfir, í samræmi við 87. gr. sáttmálans, að aðstoð, sem er í samræmi við kortið yfir veitingu svæðisbundinnar aðstoðar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt fyrir hvert aðildarríki, sé samrýmanleg sameiginlega markaðnum og falli ekki undir ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningaskyldu.
- 3) Framkvæmdastjórnin hefur beitt 87. og 88. gr. sáttmálans gagnvart aðstoð til að efla atvinnu innan og utan svæða, sem njóta aðstoðar, í mörgum ákvörðunum og hefur einnig sett fram stefnu sína í viðmiðunarreglum um aðstoð til eflingar atvinnu⁽³⁾, í tilkynningu um eftirlit með ríkisaðstoð og lækkun vinnuafskostnaðar⁽⁴⁾, í viðmiðunarreglunum um innlenda, svæðisbundna aðstoð⁽⁵⁾ og í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja⁽⁶⁾. Í ljósi þeirrar reynslu, sem framkvæmdastjórnin hefur af að beita þessum ákvæðum, og til að tryggja skilvirkt eftirlit og einfalda stjórnun án þess að draga úr eftirliti framkvæmdastjórnarinnar, er rétt að hún noti það vald sem henni var fengið með reglugerð (EB) nr. 994/98.

- 4) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á möguleika aðildarríkanna á því að tilkynna um aðstoð til að efla atvinnu. Framkvæmdastjórnin metur slíkar tilkynningar, einkum með hliðsjón af viðmiðuninum sem settar eru fram í þessari reglugerð, í reglugerð (EB) nr. 70/2001 eða í samræmi við viðkomandi viðmiðunarreglur eða ramma Bandalagsins. Eins og sakir standa á þetta við á sviði sjóflutninga. Á gildistöku-degi þessarar reglugerðar falla úr gildi viðmiðunarreglur um ríkisaðstoð til eflingar atvinnu⁽⁷⁾, tilkynning um eftirlit með ríkisaðstoð og lækkun vinnuafskostnaðar og tilkynning um flýtimeðferð að því er varðar vinnslu á tilkynningum um aðstoð til eflingar atvinnu⁽⁸⁾. Þar til þessi reglugerð tekur gildi verða tilkynningar metnar í samræmi við ákvæði hennar. Rétt er að mæla fyrir um bráðabirgðaaðkvæði varðandi beitingu þessarar reglugerðar gagnvart aðstoð til eflingar atvinnu sem veitt er áður en reglugerðin tekur gildi og fer í bága við skuldbindinguna í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans.

- 5) Bætt atvinnuástand er aðalmarkmiðið með efnahags- og félagsmálastefnu Bandalagsins og aðildarríkja þess. Bandalagið hefur þróað evrópska vinnuáætlan til þess að stuðla að því að þessu markmiði verði náð. Atvinnuleysi er enn verulegt vandamál sums staða í Bandalaginu og reynist tilteknum flokkum starfsmanna erfitt að komast inn á vinnumarkaðinn. Af þessum sökum er réttlæt看legt að opinber yfirvöld beiti ráðstöfunum sem hvetja fyrirtæki til að fjölga störfum, einkum fyrir starfsmenn í þeim flokkum sem eru illa settir.

- 6) Þessi reglugerð gildir eingöngu um atvinnuráðstafanir sem uppfylla öll skilyrði 1. mgr. 87. gr. sáttmálans og teljast því ríkisaðstoð. Ýmsar ráðstafanir, sem lúta að stefnu í atvinnumálum, teljast ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans heldur teljast þær aðstoð til einstaklinga, þar sem þær ívilna ekki tilteknum fyrirtækjum eða framleiðslu á tilteknum vörum, hafa ekki áhrif á viðskipti milli aðildarríkja eða vegna þess að þær eru almennar ráðstafanir sem stuðla að bættu atvinnuástandi en raska ekki eða ógna samkeppni með því að styðja tiltekin fyrirtæki eða framleiðslu á tilteknum vörum. Þessi reglugerð hefur því engin áhrif á almennar ráðstafanir, sem geta falið í sér almenna lækkun skatta á kostnað vegna vinnuafsls og félagslegan kostnað, auknar fjárfestingar í menntun og þjálfun, ráðstafanir til að bæta leiðsögn og

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 142, 14.5.1998, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 88, 12.4.2002, bls. 2.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 334, 12.12.1995, bls. 4.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB C 1, 3.1.1997, bls. 10.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB C 74, 10.3.1998, bls. 9.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 33.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB C 371, 23.12.2000, bls. 12.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB C 218, 27.7.1996, bls. 4.

ráðgjöf, aðstoð og hjálfun fyrir atvinnulausa og endurbætur á vinnulöggjöfinni. Þetta á einnig við um ráðstafanir, sem teljast ekki uppfylla allar viðmið-animar í 1. mgr. 87. gr. sáttmálans og heyra því ekki undir ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningarskyldu samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart lágmarks-aðstoð ⁽¹⁾.

- 7) Með hlidsjón af umræðunni skal tilgangur og áhrif þeirrar aðstoðar, sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, vera að stuðla að bættu atvinnu-ástandi í samræmi við evrópsku vinnumálaáætlunina, einkum að því er varðar starfsmenn í illa settum flokkum, án þess að það hafi óhagstæð áhrif á viðskiptakjör í þeim mæli að það stríði gegn sameiginlegum hagsmunum. Aðstoð til að efla atvinnu sem veitt er einstöku fyrirtæki getur haft stórfelld áhrif á samkeppni á viðkomandi markaði þar sem verið er að ívilna því fyrirtæki umfram önnur sem hafa ekki fengið slíka aðstoð. Slík aðstoð hefur líklega takmörkuð áhrif á atvinnumál ef hún er einungis veitt einu fyrirtæki. Þess vegna skal áfram tilkynna framkvæmdastjórninni um þegar aðstoð er veitt til að efla atvinnu og skal samkvæmt þessari reglugerð einungis veita aðstoð samkvæmt tilteknu undanþágukerfi.
- 8) Öll aðstoð, veitt samkvæmt kerfi sem uppfyllir allar viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar, skal njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð. Til að tryggja skilvirkt eftirlit og einfalda stjórnun án þess að draga úr eftirliti framkvæmdastjórnarinnar skal skýr tilvísun í þessa reglugerð fylgja með aðstoðarkerfum.
- 9) Ríkisaðstoð á sviði skipasmiði og kolavinnslu skal ekki undanþegin tilkynningarskyldu samkvæmt þessari reglugerð þar sem mælt er fyrir um sérreglur um slíka aðstoð í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1540/98 ⁽²⁾ og reglugerð ráðsins (EB) nr. 1407/2002 ⁽³⁾.
- 10) Ákvæði þessarar reglugerðar gilda í flutningsgeiranum. Með hlidsjón af því að samkeppnisáðstæður eru mjög sérstakar í þeim geira er þó ekki rétt að aðstoð til atvinnusköpunar njóti undanþágu.
- 11) Framkvæmdastjórnin lítur á aðstoð til tiltekinna geira æ neikvæðari augum, þ.m.t. en þó ekki eingöngu, viðkvæmir geirar sem standa höllum fæti vegna umframframleiðslugetu eða óvissuástands. Aðstoðarkerfi, sem beinast að sérstökum starfsgreinum, skulu því ekki undanþegin tilkynningarskyldu samkvæmt þessari reglugerð.

- 12) Í samræmi við fasta venju framkvæmdastjórnarinnar og í þeim tilgangi að tryggja betur að aðstoð sé í réttum hlutföllum og takmarkist við nauðsynlega fjárhæð skal setja mörkin fyrir umfang aðstoðar í réttu hlutfalli við styrkhefan kostnað fremur en sem hámarksfjárhæð sem er veitt til aðstoðar.

- 13) Til að ákvarða hvort aðstoð sé samrýmanleg sameiginlega markaðnum samkvæmt þessari reglugerð er nauðsynlegt að taka tillit til umfangs aðstoðarinnar og þar með fjárhæðarinnar sem er veitt til aðstoðar og tilgreind sem styrkigildi. Við útreikning á styrkigildi aðstoðar, sem greiða má í nokkrum afborgunum, og útreikning á aðstoð í formi hagstæðra lána, er nauðsynlegt að nota markaðsvesti sem eru í gildi þegar styrkurinn er veittur. Til að tryggja samræmda og einfalda beitingu reglna um ríkisaðstoð skal líta svo á að markaðsvestir, að því er varðar þessa reglugerð, séu viðmiðunarvestir, að því tilskildu að sett sé venjuleg trygging fyrir hagstæðum lánum og að þau hafi ekki í för með sér óeðlilega áhættu. Viðmiðunarvestir skulu vera í samræmi við þá vexti sem framkvæmdastjórnin ákveður með ákveðnu millibili á grundvelli hlutlegra viðmiðana og birtir eru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og á Netinu.

- 14) Með hlidsjón af muninum, sem er á misstórum fyrirtækjum, skal setja mishá efri mörk fyrir umfang aðstoðar til atvinnusköpunar til litilla og meðalstórra fyrirtækja og stórra fyrirtækja. Til að útiloka mun, sem gæti valdið röskun á samkeppni, og til að auðvelda samræmingu milli ýmissa framtaksverkefna Bandalagsins og einstakra landa og með hlidsjón af gagnsæi stjórnsýslunnar og réttaröryggi skal skilgreiningin á „litlum og meðalstórum fyrirtækjum“, sem er notuð í þessari reglugerð, vera sú sama og mælt er fyrir um í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 96/280/EB frá 3. apríl 1996 um skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum ⁽⁴⁾. Sú skilgreining var einnig notuð í reglugerð (EB) nr. 70/2001.

- 15) Í ljósi reynslu framkvæmdastjórnarinnar er rétt að ákvarða umfang aðstoðar þannig að jafnvægi náist milli þeirra markmiða að halda samkeppnisröskun í lágmarki og að stuðla að bættu atvinnuástandi. Samræma skal efri mörkin þeim sem ákvörðuð voru með viðmiðunarreglunum um innlenda, svæðisbundna aðstoð og í reglugerð (EB) nr. 70/2001 þar sem aðstoð er reiknuð með tilvísun til atvinnusköpunar í tengslum við fjárfestingarverkefni.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 30.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 202, 18.7.1998, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 205, 2.8.2002, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 107, 30.4.1996, bls. 4.

- 16) Kostnaður vegna starfsmanna er hluti venjulegs rekstrarkostnaðar allra fyrirtækja. Því er sérlega mikilvægt að aðstoð hafi jákvæð áhrif í atvinnumálum og geri ekki einungis fyrirtækjum kleift að draga úr kostnaði sem þau annars þurfa að bera.
- 17) Ef ekki er beitt stífu eftirliti og ströngum takmörkunum getur aðstoð til að efla atvinnu haft skaðleg áhrif, sem jafna út þau áhrif sem henni er ætlað að hafa strax á atvinnusköpun. Ef aðstoðin er notuð til þess að vernda fyrirtæki sem eru í samkeppni innan Bandalagsins getur hún orðið til þess að teyja fyrir nauðsynlegun aðlögunum sem gera þarf til að tryggja samkeppni innan iðngreina Bandalagsins. Ef ekki er viðhaft strangt eftirlit getur slík aðstoð beinst einvörðungu að þeim svæðum, þar sem mest hagsæld ríkir, sem brýtur í bága við markmiðið að ná fram efnahags- og félagslegri samheldni. Á innri markaðinum getur aðstoð til að draga úr kostnaði vegna starfsmanna leitt til rökunar á samkeppni í Bandalaginu og stefnubreytingar í úthlutun fjármagns og færanlegra fjárfestinga, til þess að atvinnuleysi færist frá einu landi til annars og að fyrirtæki séu flutt um set.
- 18) Aðstoð til atvinnusköpunar skal vera háð því að störf, sem búin eru til, haldist í tiltekinn lágmarkstíma. Tímasetningin í þessari reglugerð skal veita þyngra en fimm ára reglan sem sett er fram í lið 4.14 viðmiðunarreglnanna um innlenda, svæðisbundna aðstoð.
- 19) Aðstoð til að halda störfum, þ.e. fjárstuðningur til fyrirtækis til að hvetja það til að segja ekki upp starfsfólki, er svipuð rekstraraðstoð. Með fyrirvara um reglur um sérsvið á borð við þær sem gilda á sviði sjóflutninga skal því einungis heimila aðstoð við tiltekna aðstæður og í takmarkaðan tíma. Framkvæmdastjórninni skal áfram tilkynnt um hana og skal hún ekki undanþegin tilkynningu sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Til þeirra takmörkuðu aðstæðna, þar sem slík aðstoð er heimil, teljast aðstæður, í samræmi við b-lið 2. mgr. 87. gr. sáttmálans, þegar henni er ætlað að bæta tjón af völdum náttúruhamfara eða óvenjulegra atburða. Í öðru lagi eru skilyrði, sem gilda um rekstraraðstoð í viðmiðunarreglunum um innlenda, svæðisbundna aðstoð, á svæðum, sem falla undir undanþáguna í a-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans um efnahagsþróun, á þeim svæðum þar sem lífskjör eru óvenju bágborin eða atvinnuleysi mikið, þ.m.t. ystu jaðarsvæðin. Í þriðja lagi eru tilvik þegar slík aðstoð er veitt í tengslum við björgun eða endurskipulagningu fyrirtækis sem á í erfiðleikum í samræmi við ákvæði viðkomandi viðmiðunarreglna Bandalagsins ⁽¹⁾.
- 20) Tiltekin tegund aðstoðar er veitt vinnuveitendum til að breyta tímabundnum ráðningarsamningum eða samningum til takmarkaðs tíma í ótímabundna ráðningarsamninga. Slíkar ráðstafanir eru ekki undanþegnar tilkynningarskyldu, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, og skulu tilkynntar svo að framkvæmdastjórnin geti ákvarðað hvort þær hafi jákvæð áhrif í atvinnumálum. Einkum skal tryggja að ekki sé veitt aðstoð bæði til að skapa ný störf og til að breyta samningi á þann hátt að samanlagt sé farið yfir efri mörk aðstoðar vegna upphaflegra fjárfestinga eða aðstoðar til að skapa fleiri störf.
- 21) Lítil og meðalstór fyrirtæki gegna mikilvægu hlutverki við að skapa ný störf. Þó getur stærð þeirra hindrað sköpun nýrra starfa vegna áhættunnar og stjórnsýsluálagsins sem felst í því að ráða nýtt starfsfólk. Á svipaðan hátt getur sköpun nýrra starfa stuðlað að örari efnahagsþróun á illa settum svæðum í Bandalaginu og bætt þannig efnahagslega og félagslega samheldni. Fyrirtæki á þessum svæðum eiga í vanda vegna erfiðleika við uppbyggingu vegna staðsetningar. Rétt er því að lítil og meðalstór fyrirtæki og fyrirtæki á svæðum, sem njóta aðstoðar, fái aðstoð til atvinnusköpunar.
- 22) Stór fyrirtæki á svæðum, sem njóta ekki aðstoðar, eiga ekki í sérstökum vanda og kostnaður vegna starfsmanna er hluti af venjulegum rekstrarútgjöldum þeirra. Af þessum sökum og til þess að aðstoð til að skapa ný störf í litlum og meðalstörum fyrirtækjum og á svæðum, sem falla undir undanþáguna í a- og c-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans, hafi aukin áhrif skulu stór fyrirtæki á svæðum, sem falla ekki undir þessa undanþágu, ekki eiga rétt á aðstoð til atvinnusköpunar.
- 23) Tilteknir flokkar starfsmanna eiga í miklum erfiðleikum við að fá vinnu því að vinnuveitendur telja þá afkastalítla. Þessi hugmynd um lítil afköst þeirra getur verið sprottin af skorti á nýrri starfsreynslu (t.d. ungir starfsmenn, starfsmenn sem hafa verið atvinnulausir lengi) eða vegna varanlegrar fötlunar. Hugmyndin um aðstoð til eflingar atvinnu, sem er ætlað að hvetja fyrirtæki til að ráða slíka starfsmenn, er rökstudd með því að lítil afköst þessara starfsmanna dragi úr

⁽¹⁾ Stjótið. EB C 288, 9.10.1999, bls. 2.

fjárhagslegum ávinningi fyrirtækisins og því að starfsmennirnir njóti einnig góðs af ráðstöfuninni og væru líklega útilokaðir frá vinnumarkaðnum nema vinnuveitendur fái slíka hvatningu. Því er rétt að heimila kerfi þar sem slík aðstoð er veitt fyrirtækjum, óháð stærð eða staðsetningu.

24) Skilgreina skal þá flokka starfsmanna sem teljast vera illa settir en aðildarríkjunum skal vera kleift að tilkynna, með tilskildum rökstuðningi, um aðstoð til að stuðla að ráðningu starfsmanna úr öðrum flokkum sem þau telja illa setta.

25) Fatlaðir starfsmenn geta þurft varanlega aðstoð, svo að þeir geti verið áfram á vinnumarkaðnum, og er hún umfram aðstoð til nýráðningar og getur falið í sér verndaða vinnu. Kerfi, þar sem aðstoð er veitt í þessum tilgangi, njóta undanþágu frá tilkynningu, að því tilskildu að sýnt sé fram á að aðstoðin sé ekki meiri en nauðsynlegt er til að bæta fyrir minni afköst viðkomandi starfsmanna, viðbótarkostnað við að ráða þá eða kostnað við að koma á eða viðhalda verndaðri vinnu. Þessu skilyrði er ætlað að koma í veg fyrir að fyrirtæki njóti góðs af slíkri aðstoð með því að selja vörur sínar á lægra verði en sem nemur samkeppnishæfu verði á mörkuðum þar sem önnur fyrirtæki eru til staðar.

26) Þessi reglugerð skal ekki koma í veg fyrir að aðstoð til að ráða starfsmenn, sem teljast illa settir, eða til að nýræða fatlaða eða hafa þá áfram í vinnu komi til viðbótar annarri aðstoð, sem veitt er vegna kostnaðar við það, því að í slíkum tilvikum er lögmætt að veita hvatningu til að ráða frekar starfsmenn úr þessum flokkum frekar en aðra.

27) Til að öruggt sé að þörf sé á aðstoðinni og að hún sé hvati til að efla atvinnu er rétt að atvinnusköpun eða mannaráðningar, sem styrkþegi myndi ráðast í af markaðsástaðeðum eingöngu, njóti ekki undanþágu samkvæmt þessari reglugerð.

28) Aðstoð til atvinnusköpunar, sem bætist við aðra ríkisaðstoð, nýtur ekki undanþágu samkvæmt þessari reglugerð þ.m.t. aðstoð, sem innlend yfirvöld eða svæða- og staðaryfirvöld veita, eða Bandalagsaðstoð í tengslum við sama styrkhæfa kostnaðinn eða kostnað við fjárfestingar, sem viðkomandi atvinna tengist, ef hún fer samanlagt yfir efri mörkin sem eru ákveðin í þessari reglugerð eða í reglum Bandalagsins um ríkisaðstoð til fjárfestinga, einkum viðmiðunarreglur um innlenda, svæðisbundna aðstoð og reglugerð (EB) nr. 70/2001. Eina undantekningin frá þessari meginreglu skal vera aðstoð til að ráða illa setta starfsmenn eða nýræða fatlaða starfsmenn eða hafa þá áfram í vinnu.

29) Rétt er að framkvæmdastjórnin leggi áfram sérstakt mat á stórar fjárhæðir til aðstoðar áður en þær eru greiddar út. Þess vegna skulu fjárhæðir til aðstoðar yfir fastri fjárhæð, veittar einu fyrirtæki eða starfsstöð í tiltekinn tíma, ekki njóta undanþágu eins og kveðið er á um í þessari reglugerð heldur gilda kröfur 3. mgr. 88. gr. sáttmálans áfram um þær.

30) Aðstoðarráðstafanir til að stuðla að bættu atvinnuástandi eða annars konar aðstoð með markmið, sem tengjast atvinnu og vinnumarkaðnum, geta verið af öðrum toga en ráðstafanir sem njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð. Tilkynna skal um slíkar ráðstafanir skv. 3. mgr. 88. gr.

31) Samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um styrki og jöfnunarráðstafanir skal aðstoð við útflutning eða aðstoð, sem ívilnar innlendum vörum á kostnað innfluttrar vöru, ekki njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð. Slík aðstoð samrýmist ekki alþjóðlegum skuldbindingum Bandalagsins samkvæmt þeim samningi og skal því ekki njóta undanþágu frá tilkynningu, né heimiluð ef tilkynnt er um hana.

32) Til að tryggja gagnsæi og skilvirkt eftirlit í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 994/98 er rétt að staðlað form verði á samantekt upplýsinga sem aðildarríkin láta framkvæmdastjórninni í té til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* í hvert sinn sem aðstoðarkerfi er hrundið í framkvæmd samkvæmt þessari reglugerð. Af sömu ástæðu er rétt að setja reglur um skrárnar sem aðildarríkin eiga að halda varðandi aðstoðarkerfið sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð. Að því er varðar ársskýrsluna sem aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni er rétt að framkvæmdastjórnin setji fram kröfur sínar. Til þess að greiða fyrir stjórnsýslu meðferð, og með hliðsjón af því að nauðsynleg tækni er almennt aðgengileg, skal staðlaða samantektin og ársskýrslan vera á tölvutæku formi.

33) Með tilliti til reynslu framkvæmdastjórnarinnar á þessu sviði, einkum af því hve oft reynist nauðsynlegt að endurskoða stefnu um ríkisaðstoð, er rétt að takmarka gildistíma þessarar reglugerðar. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 994/94 er nauðsynlegt að taka með bráðabirgðafyrirkomulag þar sem aðstoðarkerfi, sem þegar njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, eru áfram undanþegin í sex mánuði eftir að hún fellur úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um kerfi sem teljast ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans og þar sem veitt er aðstoð til að skapa ný störf og ráða illa setta starfsmenn og fatlaða eða vegna aukakostnaðar við að hafa fatlaða starfsmenn í vinnu.

2. Þessi reglugerð gildir um aðstoð í öllum starfsgreinum, þ.m.t. starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu varanna sem eru skráðar í I. viðauka við sáttmálann.

Hún gildir hvorki um aðstoð á sviði skipasmiði og kolanáms né um aðstoð til atvinnusköpunar í flutningsgeiranum í skilningi 4. gr. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni áfram um slíka aðstoð í samræmi við 3. mgr. 88. gr. sáttmálans.

3. Þessi reglugerð gildir ekki um:

- a) aðstoð við starfsemi sem tengist útflutningi, einkum aðstoð sem tengist beint útflutningsmagni, stofnun og rekstri dreifingarnets eða öðrum tilfallandi útgjöldum í tengslum við útflutning,
- b) aðstoð sem er skilyrt þannig að innlendar vörur séu teknar fram yfir innfluttar vörur.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „aðstoð“: allar ráðstafanir sem samræmast viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 87. gr. sáttmálans,
- b) „lítil og meðalstór fyrirtæki“: fyrirtæki eins og þau eru skilgreind í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 70/2001,
- c) „umfang aðstoðar, brúttó“: fjárhæðin, sem veitt er til aðstoðar, tilgreind sem hlutfall af viðkomandi kostnaði. Allar tölur, sem eru notaðar, skulu tilgreindar án frádráttar vegna staðgreiðslu skatta. Þegar aðstoð er veitt í öðru formi en sem styrkur skal fjárhæðin, sem er veitt til aðstoðarinnar, jafngilda aðstoð í formi styrks. Aðstoð, sem er greidd með nokkrum afborgunum, skal reiknuð til núvirðis þegar hún er veitt. Vextirnir, sem nota skal við núvirðisreikning og til að reikna út fjárhæðina sem veitt er til aðstoðar í formi hagstæðs láns, skulu vera gildandi viðmiðunarvextir á þeim tíma sem lánið er veitt,
- d) „umfang aðstoðar, nettó“: fjárhæðin reiknuð til núvirðis, sem veitt er til aðstoðar, eftir skatta, tilgreind sem hlutfall af viðkomandi kostnaði,
- e) „fjöldi starfsmanna“: fjöldi ársverka, þ.e. fjöldi einstaklinga í fullu starfi á einu ári þar sem hlutastörf og árstíðabundin störf reiknast sem brot af ársverki,

f) „illa settur starfsmaður“: einstaklingur sem er í flokki þeirra sem eiga erfitt með að komast inn á vinnu- markaðinn án aðstoðar, nánar tiltekið einstaklingur sem uppfyllir a.m.k. eitt eftirfarandi skilyrði:

- i) einstaklingur sem er yngri en 25 ára eða lýkur fullu námi innan tveggja ára og hefur ekki áður gegnt reglubundnu, launuðu starfi,
- ii) farandlaunþegi sem flyst eða hefur flust til Bandalagsríkis eða hefur búsetu þar til að stunda starf,
- iii) einstaklingur sem er í þjóðernisminnihluta í aðildarríki og þarfnast aukinnar tungumálakunnáttu, starfsþjálfunar eða starfsreynslu til að bæta möguleika sína á að fá stöðuga vinnu,
- iv) einstaklingur sem vill hefja eða hefja aftur störf eftir að hafa verið frá vinnu og námi í a.m.k. tvö ár, einkum einstaklingur sem hefur hætt í starfi vegna erfiðleika við að samræma vinnu og fjölskyldulíf,
- v) fullorðinn einstaklingur sem býr einn og gætir eins eða fleiri barna,
- vi) einstaklingur sem hefur ekki lokið námi á framhaldsskólastigi eða fengið hliðstæða menntun og er atvinnulaus eða að missa vinnuna,
- vii) einstaklingur, eldri en 50 ára, sem er atvinnulaus eða að missa vinnuna,
- viii) einstaklingur sem hefur verið atvinnulaus um langt skeið, þ.e. einstaklingur sem hefur verið atvinnulaus í 12 af undanförmum 16 mánuðum, eða sex af undanförmum átta mánuðum ef um er að ræða einstaklinga yngri en 25 ára,
- ix) einstaklingur sem viðurkennt er að sé eða hafi verið fíkniefnaneytandi samkvæmt landslögum,
- x) einstaklingur sem hefur ekki gegnt reglubundnu, launuðu starfi eftir að hafa verið fangelsaður eða hlotið annars konar refsingu,
- xi) kona sem er á landsvæði þar sem meðalatvinnuleysi, samkvæmt flokkun hagskýrslusvæða II (NUTS II), hefur verið meira en 100% af meðaltali í Bandalaginu í a.m.k. tvö almanaksár og þar sem atvinnuleysi meðal kvenna hefur verið 150% meira en hjá körlum á viðkomandi svæði í a.m.k. tvö af síðastliðnum þremur almanaksárum,

g) „fatlaður starfsmaður“ sem annaðhvort:

- i) er viðurkennt að sé fatlaður samkvæmt landslögum, eða
- ii) er viðurkennt að eigi í alvarlegum líkamlegum, geðrænum eða sálrænum erfiðleikum,

h) „vernduð vinna“: starf í fyrirtæki þar sem a.m.k. helmingur starfsmanna er fatlaður eða getur ekki stundað vinnu á almennum vinnumarkaði,

4. gr.

Atvinnusköpun

i) „launakostnaður“: kostnaður sem fellur undir eftirfarandi þætti, sem styrkþega ríkisaðstoðarinnar ber að greiða að því er varðar viðkomandi starf:

1. Aðstoðarkerfi til atvinnusköpunar og öll aðstoð, sem veitt er samkvæmt slíku kerfi, skal uppfylla skilyrðin í 2., 3. og 4. mgr.

i) brúttolaun, þ.e. fyrir skatt, og

2. Þegar atvinna skapast á svæði eða í greinum, sem eiga ekki rétt á svæðisbundinni aðstoð skv. a- og c-lið 3. mgr. 87. gr. á þeim tíma sem aðstoðin er veitt, skal umfang aðstoðar, brúttó, ekki fara yfir:

ii) lögboðið framlag til almannatrygginga.

a) 15% þegar um lítil fyrirtæki er að ræða,

j) „starf, tengt framkvæmd fjárfestingarverkefnis“: starf sem varðar starfsemina sem fjárfestingin tengist ef það verður til innan þriggja ára frá því að fjárfestingu lýkur. Á því tímabili tengjast fjárfestingunni einnig störf sem verða til í kjölfar aukinnar nýtingar vegna afkastanna sem fylgja fjárfestingunni,

b) 7,5% þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða.

k) „fjárfesting í efnislegum eignum“: fjárfesting í efnislegum fastafjármunum í tengslum við nýja starfsstöð, útvíkkun starfsstöðvar sem fyrir er eða að hafin er starfsemi sem felur í sér grundvallarbreytingar á vöru eða í framleiðsluferli starfandi fyrirtækis (einkum með hagræðingu, endurskipulagningu eða nútímavæðingu). Fjárfesting í fastafjármunum, sem fer fram í formi yfirtöku starfsstöðvar, sem hefur verið lokað eða myndi hafa verið lokað hefði hún ekki verið keypt, skal einnig teljast efnisleg fjárfesting,

3. Ef atvinna skapast á svæðum og í starfsgreinum, sem eiga ekki rétt á svæðisbundinni aðstoð skv. a- og c-lið 3. mgr. 87. gr., á þeim tíma sem aðstoðin er veitt, skal umfang aðstoðar, nettó, ekki fara yfir efri mörk svæðisbundinnar aðstoðar í formi fjárfestinga, sem er ákvörðuð á kortinu, sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt fyrir hvert aðildarríki og er í gildi á þeim tíma sem aðstoðin er veitt: í þessum tilgangi skal m.a. taka tillit til rammaákvæða sem taka til margra atvinnugreina og fjalla um svæðisbundna aðstoð til stórra fjárfestingarverkefna (¹).

Þegar um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki, nema kveðið sé á um annað á kortinu að því er varðar slík fyrirtæki, skal hækka efri mörkin um:

l) „fjárfesting í óefnislegum eignum“: fjárfesting í yfirærslu á tækni með öflun einkaleyfa, leyfa, verkþekkingar eða tækniþekkingar án einkaleyfa.

a) 10 prósentustig, brúttó, á svæðum sem falla undir c-lið 3. mgr. 87. gr., að því tilskildu að heildarumfang nettó-aðstoðar fari ekki yfir 30%, eða

3. gr.

b) 15 prósentustig, brúttó, á svæðum sem falla undir c-lið 3. mgr. 87. gr., að því tilskildu að heildarumfang nettó-aðstoðar fari ekki yfir 75%.

Skilyrði fyrir undanþágu

1. Með fyrirvara um 9. gr skulu aðstoðarkerfi, sem uppfylla öll skilyrði þessarar reglugerðar, teljast samrýmanleg sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skulu njóta undanþágu frá ákvæðum 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningarskyldu, að því tilskildu:

Efri mörk svæðisbundinnar aðstoðar skulu því aðeins gilda að framlag styrkþega til fjármögnunar hennar sé a.m.k. 25% og að starfinu sé haldið á svæðinu sem á rétt á aðstoð.

a) að aðstoð, sem unnt er að veita samkvæmt slíku kerfi, uppfylli öll skilyrði þessarar reglugerðar,

Þegar atvinna við framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu varanna, sem skráðar eru í I. viðauka við sáttmálann, skapast á svæðum sem teljast til illa settra svæða samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 1257/1999 (²), skulu þessi efri mörk aðstoðar gilda eða, ef við á, efri mörk aðstoðar samkvæmt þeirri reglugerð.

b) að kerfinu fylgi skýr tilvísun í þessa reglugerð þar sem fram kemur titill hennar og tilvísun til birtingar hennar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. Efri mörkin, sem sett eru í 2. og 3. mgr., gilda um umfang aðstoðarinnar sem er reiknuð sem hlutfall af launakostnaði fyrir tveggja ára tímabil í tengslum við starf, sem verður til, með eftirfarandi skilyrðum:

2. Aðstoð, sem er veitt sem hluti af kerfunum sem um getur í 1. mgr., telst samrýmanleg sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal undanþegin ákvæðum 3. mgr. 88. gr. um tilkynningarskyldu, að því tilskildu að aðstoðin, sem er veitt, uppfylli öll skilyrði þessarar reglugerðar.

a) að starfið, sem verður til, leiði til nettóaukningar m.t.t. fjölda starfsmanna, í viðkomandi starfsstöð og fyrirtæki, miðað við meðaltal síðustu 12 mánaða,

(¹) Stjótið. EB C 70, 19.3.2002, bls. 8.

(²) Stjótið. EB L 160, 26.6.1999, bls. 80.

- b) að starfinu, sem verður til, sé haldið í a.m.k. þrjú ár, eða tvö ár ef um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki, og
- c) að nýir starfsmenn, sem eru ráðnir vegna atvinnusköpunar, hafi aldrei verið í vinnu eða hafi misst eða séu að missa vinnuna.

5. Ef veitt er aðstoð til atvinnusköpunar samkvæmt kerfi, sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari grein, er heimilt að veita viðbótaraðstoð ef um er að ræða ráðningu illa settis eða fatlaðs starfsmanns í samræmi við skilmála 5. og 6. gr.

5. gr.

Ráðning illa settra og fatlaðra starfsmanna

1. Aðstoðarkerfi til ráðningar fyrirtækja á illa settum og fötluðum starfsmönnum og öll aðstoð, sem veitt er samkvæmt slíku kerfi, skal uppfylla skilyrðin í 2. og 3. mgr.

2. Brúttóumfang allrar aðstoðar í tengslum við atvinnu illa settra eða fatlaðra starfsmanna eða viðkomandi starfsmanna, reiknað sem hlutfall af launakostnaði fyrir eins árs tímabil í kjölfar ráðningar, skal ekki vera meira en 50%, að því er varðar illa setta starfsmenn, eða 60% að því er varðar fatlaða starfsmenn.

3. Eftirtalin skilyrði gilda:

- a) ef ráðningin felur ekki í sér nettöfjölgun starfsmanna í viðkomandi starfsstöð skal staðan eða stöðurnar hafa losnað vegna brottfarar af frjálsum vilja, starfsloka á grundvelli aldurs, styttingar á vinnutíma af frjálsum vilja eða lögmætrar uppsagnar vegna misferlis en ekki vegna almennra uppsagna, og
- b) starfsmenn skulu eiga rétt á samfelldri atvinnu í a.m.k. 12 mánuði nema þegar um er að ræða lögmæta uppsögn vegna misferlis.

6. gr.

Aukakostnaður vegna fatlaðra starfsmanna

1. Aðstoðarkerfi til að efla atvinnu fyrir fatlaða og öll aðstoð, sem veitt er samkvæmt slíku kerfi, skal uppfylla skilyrðin í 2. og 3. mgr.

2. Aðstoðin, hugsanlega ásamt aðstoð sem kveðið er á um skv. 5. gr., skal ekki fara fram úr því sem þarf til uppbótar minni framleiðslu vegna fötlunar starfsmannanna, og fyrir eftirfarandi kostnaði:

- a) kostnaði við aðlögun húsnæðis,

- b) kostnaði við að hafa í vinnu fólk sem starfar eingöngu við að aðstoða fatlaða starfsmenn,

- c) kostnaði við að aðlaga eða kaupa búnað sem þeir geta notað,

sem er umfram þann kostnað sem styrkþegi hefði þurft að greiða vegna ófatlaðra starfsmanna þann tíma sem fatlaðir starfsmenn eru við störf.

Ef styrkþegi fær starfsmann í starf með verndaðri vinnu-aðstöðu getur auk þess aðstoð tekið til, en skal ekki vera meiri en, kostnaðar við að byggja, setja upp eða stækka viðkomandi starfsstöð svo og allan stjórnsýslu- og flutningskostnað vegna fatlaðra starfsmanna.

3. Í kerfum, sem njóta undanþágu samkvæmt þessari grein, skal ákveðið að aðstoð sé háð því að styrkþegi haldi skrár til staðfestingar á því að veitt aðstoð uppfylli ákvæði þessarar greinar og 4. mgr. 8. gr.

7. gr.

Forsendur fyrir aðstoð

1. Samkvæmt þessari reglugerð skal aðstoð því aðeins njóta undanþágu skv. 4. gr. að áður en viðkomandi starf er búið til:

- a) hafi styrkþegi annaðhvort sótt um aðstoð til aðildarríkisins, eða
- b) aðildarríkið hafi samþykkt lagaákvæði um lagalegan rétt til aðstoðar samkvæmt hlutlægum viðmiðunum og án frekari íhlutana af hálfu aðildarríkisins.

2. Aðstoð skal njóta undanþágu skv. 4. gr.:

- a) ef starfið, sem var búið til, tengist framkvæmd verkefnis um fjárfestingu í efnislegum eða óefnislegum eignum,
- b) sé starfið búið til innan þriggja ára frá því að fjárfestingu lýkur,

einungis ef umsóknin, sem um getur í a-lið 1. mgr., eða samþykktin, sem um getur í b-lið 1. mgr., er lögð fram áður en vinna hefst við verkefnið.

8. gr.

Uppsöfnun

1. Efri mörk aðstoðar, sem eru ákveðin í 4., 5. og 6. gr., gilda án tillits til þess hvort aðstoðin við starfið eða ráðninguna er eingöngu fjármögnuð af ríkinu eða hvort hún er fjármögnuð að hluta til af Bandalaginu.

2. Aðstoð, sem veitt er samkvæmt kerfum og nýtur undanþágu skv. 4. gr. þessarar reglugerðar, má ekki bætast við neina aðra ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans eða aðra fjármögnun Bandalagsins í tengslum við sama launakostnað ef slík uppsöfnun leiðir til þess að aðstoðin fer yfir mörkin sem eru ákvæðin í þessari reglugerð.

3. Aðstoð, sem veitt er samkvæmt kerfum og nýtur undanþágu skv. 4. gr. þessarar reglugerðar, skal ekki bætast við:

- a) neina aðra ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans, eða aðra fjármögnun Bandalagsins í tengslum við kostnað við fjárfestingu, sem starfið, sem búið er til tengist, og sem er ekki lokið þegar starfið er búið til eða lauk á þremur síðustu árunum áður en starfið var búið til,
- b) neina slíka aðstoð eða fjármögnun í tengslum við sama launakostnað eða önnur störf sem tengjast sömu fjárfestingu,

ef slík uppsöfnun leiðir til þess að umfang aðstoðar fer yfir viðeigandi efri mörk svæðisbundinnar fjárfestingaraðstoðar, sem eru ákvörðuð á kortinu sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt fyrir hvert aðildarríki, eða efri mörkin í reglugerð (EB) nr. 70/2001. Þegar viðkomandi efri mörk hafa verið samþykkt í tilteknu tilviki, einkum með beitingu reglna um ríkisaðstoð, sem gilda í tiltekinni grein, eða gerninga sem gilda um stór fjárfestingarverkefni, eins og gildandi rammaákvæði, sem taka til margra atvinnugreina og fjalla um svæðisbundna aðstoð til stórra fjárfestingarverkefna, gilda efri mörkin sem samþykkt eru að því er þessa málsgrein varðar.

4. Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. getur aðstoð, sem veitt er samkvæmt kerfum og nýtur undanþágu skv. 5. og 6. gr. þessarar reglugerðar, bæst við aðra ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans eða aðra fjármögnun Bandalagsins, í tengslum við sama kostnað, þ.m.t. aðstoð, sem veitt er samkvæmt kerfum og nýtur undanþágu skv. 4. gr. þessarar reglugerðar og fer að ákvæðum 2. og 3. gr., að því tilskildu að slík uppsöfnun leiði ekki til þess að brúttó-umfang aðstoðar fari yfir 100% af launakostnaði á hverju tímabili sem starfsmennirnir eru við störf.

Ákvæði fyrstu undirgreinar hafa ekki áhrif á lægri mörk aðstoðar sem kunna að hafa verið sett samkvæmt rammaákvæðum Bandalagsins um ríkisaðstoð til rannsókna og þróunar ⁽¹⁾.

9. gr.

Aðstoð sem skal tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir fram

1. Aðstoðarkerfi, sem beinast að tilteknum starfsgreinum, skulu ekki njóta undanþágu frá tilkynningu samkvæmt þessari reglugerð og falla áfram undir ákvæði 3. mgr. 88. sáttmálans um tilkynningarskyldu.

2. Veiting aðstoðar til einstakra fyrirtækja eða starfsstöðva, þar sem fjárhæð brúttóaðstoðar fer yfir 15 milljónir evra á þriggja ára tímabili, skal ekki njóta undanþágu frá tilkynningu. Framkvæmdastjórnin skal því aðeins meta slíka aðstoð að hún sé veitt samkvæmt kerfi, sem nýtur að öðrum kosti undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, með hliðsjón af viðmiðunum í þessari reglugerð.

3. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á þá skyldu aðildarríkjanna að tilkynna um veitingu stakrar aðstoðar samkvæmt skyldum, sem aðildarríkin hafa gengist undir með skirskotun til annarra tegunda ríkisaðstoðar, einkum skyldunni til að tilkynna framkvæmdastjórninni um eða greina henni frá aðstoð til fyrirtækis til endurskipulagningar í skilningi viðmiðunarreglna Bandalagsins um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar fyrirtækis sem á í erfiðleikum, og skyldunni til að tilkynna um svæðisbundna aðstoð til stórra fjárfestingarfyrirtækja samkvæmt gildandi rammaákvæðum sem taka til margra atvinnugreina.

4. Aðstoðarkerfi til að stuðla að ráðningu starfsmanna í flokkum, sem eru illa settir í skilningi f-liðar 2. gr., falla áfram undir ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningarskyldu nema þau njóti undanþágu skv. 4. gr. Aðildarríkin skulu, með tilkynningunni, færa rök fyrir því að viðkomandi starfsmenn séu illa settir sem framkvæmdastjórnin síðan metur. Í þessu tilliti gildir 5. gr.

5. Aðstoð til að halda uppi störfum, nánar tiltekið fjárstuðningur, sem fyrirtæki er veittur til að halda starfsfólki sem að öðrum kosti yrði sagt upp, fellur áfram undir ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningarskyldu. Með fyrirvara um reglur um sérsvið getur framkvæmdastjórnin einungis heimilað slíka aðstoð þegar henni er ætlað, í samræmi við b-lið 2. mgr. 87. gr. sáttmálans, að bæta tjón af völdum náttúruhamfara eða óvenjulegra atburða eða, samkvæmt þeim skilyrðum sem gilda um rekstraraðstoð í viðmiðunarreglunum um innlenda, svæðisbundna aðstoð, á svæðum þar sem lífsskjör eru óvenju bágborin eða atvinnuleysi mikið.

6. Aðstoð til að breyta tímabundnum ráðningarsamningum eða samningum til takmarkaðs tíma í ótímabundna ráðningarsamninga fellur áfram undir ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningarskyldu.

7. Aðstoðarkerfi til starfsdeilingar til að veita stuðning útívinandi foreldrum og svipaðar atvinnuráðstafanir, sem stuðla að bættu atvinnuástandi en leiða ekki til nettófjölgunar starfsmanna, ráðningar illa settra starfsmanna eða fatlaðra, falla áfram undir ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningarskyldu og skal framkvæmdastjórnin meta þau í samræmi við 87. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 45, 17.2.1996, bls. 5.

8. Aðrar aðstoðarráðstafanir með markmiðum sem tengjast atvinnumálum og vinnumarkaðnum, eins og ráðstafanir til að hvetja til snemmtækinnna eftirlauna, falla áfram undir ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningarskyldu og skal framkvæmdastjórnin meta þær í samræmi við 87. gr.

9. Tiltekin tilvik, þar sem veitt er aðstoð til að efla atvinnu, utan allra kerfa, falla áfram undir ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningarskyldu. Slik aðstoð verður metin með hliðsjón af þessari reglugerð og getur framkvæmdastjórnin einungis heimilað hana ef hún samrýmist gildandi sérreglum, sem mælt hefur verið fyrir um í starfsgreininni þar sem styrkþeginn starfar og einungis ef hægt er að sýna fram á að áhrifin af aðstoð til eflingar atvinnu vega þyngra en áhrif á samkeppni á viðkomandi markaði.

10. gr.

Gagnsæi og eftirlit

1. Við framkvæmd aðstoðarkerfis, sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni, innan 20 virkra daga, yfirlit yfir slíkt aðstoðarkerfi til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* í því formi sem mælt er fyrir um í I. viðauka. Þessu skal skilað á tölvutæku formi.

2. Aðildarríkin skulu halda nákvæmar skrár yfir aðstoðarkerfi, sem njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, og staka aðstoð sem veitt er samkvæmt þessum kerfum. Í slíkum skráum skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar til að staðfesta að skilyrði fyrir undanþágu séu uppfyllt, eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð, þ.m.t. upplýsingar um stöðu fyrirtækisins ef réttur þess til aðstoðar er háður stöðu þess sem litlis eða meðalstórs fyrirtækis. Aðildarríkin skulu halda skrár yfir aðstoðarkerfi í 10 ár frá þeim degi sem síðasta, staka aðstoðin var veitt samkvæmt slíku kerfi. Viðkomandi aðildarríki skal láta framkvæmdastjórninni í té, samkvæmt skriflegri beiðni og innan 20 virkra daga eða lengri tíma, sem er tilgreindur í beiðninni,

allar upplýsingar sem framkvæmdastjórnin telur nauðsynlegt að hafa til að geta metið hvort skilyrðin í þessari reglugerð hafi verið uppfyllt.

3. Aðildarríkin skulu taka saman skýrslu á tölvutæku formi um beitingu þessarar reglugerðar fyrir hvert heilt almanaksár eða hluta af því, sem þessi reglugerð gildir, í því formi sem mælt er fyrir um í II. viðauka. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té slíka skýrslu eigi síðar en þremur mánuðum eftir að tímabilinu, sem fjallað er um í skýrslunni, lýkur.

11. gr.

Gildistaka, gildistími og bráðabirgðafyrirkomulag

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún skal gilda til 31. desember 2006.

2. Þar til reglugerð þessi öðlast gildi verða tilkynningar metnar í samræmi við ákvæði hennar.

Aðstoðarkerfi, sem er hrundið í framkvæmd áður en reglugerð þessi öðlast gildi, og aðstoð veitt samkvæmt þessum kerfum án heimildar framkvæmdastjórnarinnar og í bága við tilkynningaskylduna í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, skulu vera samrýmanleg sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð ef þau uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 3. gr. Framkvæmdastjórnin skal meta alla aðstoð, sem uppfyllir ekki þessi skilyrði, í samræmi við viðkomandi ramma, viðmið-unarreglur, orðsendingar og tilkynningar.

3. Við lok gildistíma þessarar reglugerðar skulu aðstoðarkerfi, sem njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, vera áfram á undanþágu í sex mánaða aðlögunartíma.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. desember 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Upplýsingar, sem aðildarríki senda, varðandi ríkisaðstoð, sem veitt er samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2204/2002 frá 12. desember 2002 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til eflingar atvinnu

(Þessu skal skilað á tölvutæku formi, með tölvupósti, til stateaidgreffe@cec.eu.int)

Aðstoð nr.:

Skýringar: Þetta númer verður fært inn á aðalskrifstofu samkeppnismála (DG COMP).

Aðildarríki:**Svæði:**

Skýringar: Tilgreina skal heiti svæðisins ef yfirvald utan svæðis veitir aðstoðina.

Heiti aðstoðarkerfis:

Skýringar: Tilgreina skal heiti aðstoðarkerfisins.

Lagagrundvöllur:

Skýringar: Tilgreina skal nákvæmlega stoð í landslögum fyrir aðstoð og vísa til birtingar hennar.

Áætluð útgjöld vegna kerfisins:

Skýringar: Fjárhæðir skulu gefnar upp í evrum eða í innlendum gjaldmiðli ef við á. Tilgreina skal árlega heildarfjárhæð fjárveitingar eða áætlað skattatap á ári vegna allra tegunda aðstoðar sem til eru í kerfinu.

Að því er varðar ábyrgðir skal tilgreina (hæstu) fjárhæð tryggðra lána.

Hámarks umfang aðstoðar skv.:

- 4. gr.: til atvinnusköpunar:
- 5. gr.: til ráðningar illa settra og fatlaðra starfsmanna:
- 6. gr.: viðbótarkostnaður vegna fatlaðra starfsmanna:

Skýringar: Tiltaka skal hámarks umfang aðstoðar og greina á milli aðstoðar skv. 4., 5. og 6. gr. reglugerðarinnar.

Dagsetning framkvæmdar:

Skýringar: Tiltaka skal frá hvaða degi megi veita aðstoð þegar um aðstoðarkerfi er að ræða.

Gildistími kerfis:

Skýringar: Tiltaka skal lokadag (ár og mánuð) aðstoðar þegar um aðstoðarkerfi er að ræða.

Markmið aðstoðar:

- 4. gr.: atvinnusköpun:
- 5. gr.: ráðning illa settra og fatlaðra starfsmanna:
- 6. gr.: atvinna fatlaðra starfsmanna:

Skýringar: Tilgreina skal hvað af þessu þrennu á við um meginmarkmið ráðstöfunarinnar. Þessi reitur gefur kost á því að tilgreina frekari markmið (undirmarkmið) sem sett eru.

Viðkomandi starfsgrein eða starfsgreinar:

- allar starfsgreinar í Bandalaginu ⁽¹⁾
- öll framleiðsla ⁽²⁾
- öll þjónusta ⁽³⁾
- annað (tilgreinið)

Skýringar: Veljið af listanum ef við á. Aðstoðarkerfi, sem beinast að sérstökum starfsgreinum, eru ekki undanþegin ákvæðum þessarar reglugerðar um tilkynningarskyldu.

Heiti og heimilisfang yfirvaldsins sem veitir aðstoð:

Skýringar: Vinsamlegast gefið upp símanúmer og tölvupóstfang ef unnt er.

⁽¹⁾ Að undanskildum skipasmíðageiranum og öðrum starfsgreinum sem falla undir sértækar reglur í reglugerðum og tilskipunum sem gilda um alla ríkisaðstoð í starfsgreininni.

Aðrar upplýsingar:

Skýringar: Ef kerfið er fjármagnað sameiginlega úr sjóðum Bandalagsins bætið við eftirfarandi setningu:

„Aðstoðarkerfið er fjármagnað sameiginlega samkvæmt [tilvísun].“

Ef gildistími kerfisins er lengri en gildistími þessarar reglugerðar vinsamlegast bætið við eftirfarandi setningu:

„Undanþágureglugerðin fellur úr gildi 31. desember 2006 og þar á eftir fylgir sex mánaða aðlögunartímabil.“

II. VIÐAUKI

Framsetning skýrslunnar sem senda skal reglulega til framkvæmdastjórnarinnar**Framsetning ársskýrslu um aðstoðarkerfi sem falla undir reglugerð um hópundanþágu skv. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 994/98**

Aðildarríkjunum ber að nota eftirfarandi framsetningu til þess að uppfylla þá skyldu sína að skila skýrslum til framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt reglugerðum um hópundanþágur sem hafa verið samþykktar á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 994/98.

Skýrslunum skal skilað á tölvutæku formi til:

stateaidgreffe@cec.eu.int

Upplýsingar sem krafist er fyrir öll aðstoðarkerfi sem falla undir reglugerðir um hópundanþágu skv. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 994/98

1. Heiti og númer aðstoðarkerfis
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um undanþágur sem við á
3. Útgjöld

Leggja skal fram sundurliðaðar tölur vegna hverrar tegundar aðstoðar innan aðstoðarkerfis (t.d. styrkja, hagstæðra lána o.s.frv.). Fjárhæðir skulu tilgreindar í evrum eða í innlendum gjaldmiðli ef við á. Þegar um útgjöld vegna skatta er að ræða verður að tilgreina árlegt skattatap. Ef nákvæm tala liggur ekki fyrir má áætla slíkt tap.

Gefa skal upp útgjaldatölur samkvæmt eftirfarandi.

Tilgreina skal sérstaklega tölur fyrir hverja tegund aðstoðar innan aðstoðarkerfisins (t.d. styrki, hagstæð lán o.s.frv.) fyrir árið sem um er að ræða:

 - 3.1. Fjárhæðir skuldbindinga, (áætlað) skattatap eða annar tekjumissir, gögn um ábyrgðir o.s.frv. vegna nýrra ákvarðana til að veita aðstoð. Að því er varðar ábyrgðarkerfi skal tilgreina heildarfjárhæð nýrra ábyrgða sem hafa verið gefnar út.
 - 3.2. Beinir greiðslur, (áætlað) skattatap eða annar tekjumissir, gögn um ábyrgðir o.s.frv. vegna nýrrar og yfirstandandi veitingar aðstoðar. Að því er varðar ábyrgðarkerfi skal tilgreina eftirfarandi: heildarfjárhæð úti-standandi ábyrgða, iðgjaldatekjur, endurgreiðslur, tryggingagreiðslur og rekstramiðurstöður kerfisins á því ári sem um er að ræða.
 - 3.3. Fjöldi nýrra ákvarðana um að veita aðstoð.
 - 3.4. Áætlaður heildarfjöldi starfa, sem skapast, eða áætlaður heildarfjöldi illa settra eða fatlaðra starfsmanna, sem er ráðinn eða starfar samkvæmt nýjum ákvörðunum um að veita aðstoð (eins og við á). Sundurliða skal aðstoð til ráðningar illa settra starfsmanna eftir flokkunum í f-lið 2. gr.
 - 3.5.
 - 3.6. Skipting fjárhæða skv. lið 3.1 eftir svæðum, annaðhvort eftir svæðum sem eru skilgreind sem 2. stig í flokkun hagskýrslusvæða (NUTS 1) eða lægra, eða eftir svæðum skv. a-lið 3. mgr. 87. gr., c-lið 3. mgr. 87. gr. og svæðum sem njóta ekki aðstoðar.
 - 3.7. Skipting fjárhæða skv. lið 3.1 eftir starfsgreinum, þ.e. starfsgreinum styrkþega (ef um fleiri en eina starfsgrein er að ræða skal tilgreina upphæð hverrar fyrir sig):
 - kolanám
 - framleiðsla, þ.m.t.:
 - stáliðnaður
 - skipasmíði
 - syntetískar trefjar
 - vélknúin ökutæki
 - önnur framleiðsla
 - þjónusta, þ.m.t.:
 - flutningaþjónusta
 - fjármálaþjónusta
 - önnur þjónusta
 - aðrar starfsgreinar (tilgreinið)
4. Aðrar upplýsingar og athugasemdir

(¹) Flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) er flokkunarkerfi svæðisbundinna eininga vegna hagskýrslugerðar í Evrópubandalaginu.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald	kr.	6.180
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr.	5.000

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur haft vottað gæðakerfi eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
og auglýsingakostnaður ef við á	

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks	
ásamt auglýsingakostnaði ef við á	

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar,	
úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á	

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis eystra gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálf títímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis eystra hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis eystra innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. júlí og eindagi 1. ágúst ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærra er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 659/2003 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra.

Akureyri, 17. september 2004.

F.h. heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra,

Valdimar Brynjólfsson framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A

Ísat-númer	1. flokkur	kr. 3.663	93.01.0.1	Pvottahús Annað sambærilegt.
01.42.0.1	Hundahótel			
20.30.9.4	Trésmíðaaðstaða			3. flokkur
25.21.0.2	Vinnsla með plast og frauðefni, lítil		05.02.2.0	Land- og kvíaelði
31.62.0.1	Rafvéla verkstæði		15.20.2.0	Saltfiskverkun
50.20.0.13	Viðgerðaraðstaða fyrir bifreiðar og vélar		15.20.6.2	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs
50.20.1.0	Bón og bílaþvottur, handvirkur		15.31.0.0	Kartöfluvinnsla, þökkun
52.49.1.0	Gæludýraverslun		15.71.1.0	Framleiðsla húsdýrafóðurs
55.21.0.2	Fjallaskálar		15.71.2.0	Framleiðsla fiskeldisfóðurs
55.22.0.1	Tjaldstæði, lítið		15.85.0.1	Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli
80.41.0.0	Ökuskólar, flugskólar o.fl.		20.30.9.2	Trésmíðaverkstæði án lökkunar
80.42.2.0	Tónlistarskólar		22.22.9.1	Prentiðnaður lítill
80.42.9.0	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla		24.52.0.1	Snyrtivöruframleiðsla
85.12.2.1	Læknastofur		25.13.0.1	Gúmmívinnsla
85.20.0.1	Dýralæknastofur		25.21.0.1	Framleiðsla á plötum og rörum úr plasti
85.32.1.1	Dagvist í heimahúsum >6 börn í vistun		25.22.0.0	Framleiðsla á umbúðaplasi
91.31.1.1	Kirkjur án safnaðarheimilis		26.12.0.0	Skurður og vinnsla á glerplötum
92.34.0.1	Dansskólar		26.63.0.0	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu
92.53.0.1	Húsdýragarðar		28.52.0.1	Blikksmíði
92.62.1.1	Reiðskólar		29.11.0.0	Vélsníða- og viðgerðarverkstæði
92.62.1.2	Hestaleigur		29.23.0.1	Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði
	Annað sambærilegt		40.10.0.1	Spennistöðvar
	2. flokkur	kr. 7.725	41.00.0.6	Vatnsveitur < 1.000 íbúar
01.41.3	Garðauðun		50.20.0.2	Bifreiða og vélaverkstæði, miðlungs
01.41.4	Meindýraeyðing		50.20.0.8	Bifreiðaréttingar
15.20.6.1	Aðstaða til vinnslu á ferskum fiski		50.20.0.9	Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk
20.30.9.3	Trésmíðaverkstæði án lökkunar, lítið (1-2 starfsmenn)		50.20.0.14	Verkstæði fyrir tækja
22.22.1.0	Offsetprentun, lítil		50.30.0.1	Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru
41.00.0.7	Einkavatnsveitur (rannsóknargjald leggst við)		51.57.0.3	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu
50.20.0.1	Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið (1-2 starfsmenn)		52.31.0.0	Apótek
50.20.1.4	Hjólbarðaverkstæði		52.33.0.1	Snyrtivöruverslanir
55.12.0.1	Gistiskálar og heimagisting án veitingasölu, lítil		52.46.1.2	Byggingavöruverslanir, litlar
55.21.0.1	Farfuglaheimili		52.49.9.1	Véla- og tækjasölu
55.22.0.2	Tjaldstæði, miðlungs		52.49.9.4	Sala eiturefna- og hættulegra efna
55.23.0.2	Orlofshúsasvæði, bændagisting án veitingasölu		52.50.0.0	Smásala með notaða muni í verslunum
55.40.0.3	Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur		55.12.0.2	Gistiheimili, gistiskálar og heimagisting án veitingasölu, miðlungs
85.11.4.4	Vistheimili		55.22.0.3	Tjaldsvæði, stór
85.11.4.5	Endurhæfing		63.12.0.1	Vörugeymslur, litlar
85.14.1.1	Sjúkraþjálfun		63.12.0.5	Kæli- og frystigeymslur
85.14.9.3	Yogastofur, heilun o.fl.		63.12.0.7	Gasbirgðastöðvar
85.20.0.2	Dýralæknastofur með röntgen		80.10.0.1	Grunnskólar án mótuneytis
85.20.0.3	Dýraspítalar		80.21.0.1	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi, án mótuneytis
85.31.1.0	Heimili fyrir börn og unglinga		80.30.0.1	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi, án mótuneytis
85.32.2.3	Gæsluvellir		85.12.1.1	Heilsugæslustöðvar, litlar
92.61.0.7	Íþróttavellir		85.13.1.1	Tannlæknastofur
92.61.0.8	Skíðasvæði og skíðaskálar án sölu óvarinna matvæla		85.14.9.1	Fótaaðgerðarstofur
92.72.0.1	Skotvellir		85.14.9.4	Húðflúrstofur
			85.14.9.5	Húðgötun
			85.32.2.1	Leikskólar, án mótuneytis
			85.32.4.0	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi, án sölu óvarinna matvæla

90.00.0.7 Sorpflutningar og sorphirða
 90.00.0.9 Áhaldahús sveitarfélaga
 91.13.0.1 Kvikmyndahús
 92.31.0.1 Leikhús, án eldhúss eða eingöngu upp-
 þvottur
 92.61.0.4 Íþróttahús, lítil
 93.01.0.2 Efnalaugar
 93.02.0.1 Hárgreiðslu- og hársnyrtistofur
 93.02.0.2 Snyrtistofur
 93.04.0.2 Líkamsræktarstöðvar, án heitra potta
 93.04.0.7 Sólbaðsstofur, án heitra potta
 93.04.0.9 Nuddstofur
 Annað sambærilegt

4. flokkur kr. 23.175

01.25.2.0 Loðdýrabú
 05.02.1.2. Seiðaðeldisstöðvar >150 þúsund seiði og
 afrennsli í ferskvatn
 14.21.0.0 Malar- og sandnám
 14.21.0.1 Steinmölun og framleiðsla ofaníburðar
 14.30.0.0 Nám og vinnsla á steinefnum til lífefnaiðn-
 aðar og áburðargerðar
 15.11.0.1 Sláturhús, lítil
 15.20.5.0 Harðfiskverkun
 15.42.0.2 Mörbraðsla og tólgarframleiðsla
 20.10.0.1 Fúavörn á viði
 20.30.9.1 Trésmíðaverkstæði með lökkun
 22.21.0.0 Prentun dagblaða
 22.22.9.3 Prentiðnaður, stór
 22.22.9.4 Prentiðnaður, með framköllun
 26.82.9.1 Olíumalar- og malbikunarstöðvar, með
 breytilega staðsetningu
 28.51.0.0 Meðferð og húðun málma
 37.20.0.1 Endurvinnsla úrgangs
 41.00.0.5 Vatnsveitur, 1.000-5.000 íbúar
 50.20.0.4 Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt / eða með
 lökkun
 50.20.0.7 Bifreiðasprautun
 50.20.1.1 Ryðvarnarverkstæði
 50.20.1.2 Smurstöðvar
 50.30.0.2 Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efna-
 vöru
 50.30.0.3 Bílapartasölur
 50.50.0.0 Bensínstöðvar, sjálfvirkar
 50.50.0.1 Bensínstöðvar, án sölu óvarinnar matvöru
 52.11.3.1 Söluturnar, án sölu óvarinna matvæla
 52.25.0.0 Áfengisverslanir
 52.46.1.1 Byggingavöruverslanir, stórar
 52.46.2.1 Málningarvöruverslanir
 52.49.9.3 Smásala efna í flokkum X, A og B
 55.23.0.1 Bændagisting með veitingasölu
 55.30.1.7 Matsöluvagnar
 55.40.0.4 Samkomusalir, með móttökueldhúsi
 55.51.0.5 Mötuneyti, með móttökueldhúsi, lítil og
 miðlungs
 63.12.0.3 Vörugymslur stórar
 63.23.0.2 Flugvellir, með eldsneytisafgreiðslu
 74.81.0.1 Framköllunarþjónusta, sérhæfð
 74.81.0.2 Ljósmyndastofur, með framköllun

75.23.0.1 Fangelsti, lítil
 80.21.0.4 Sumarbúðir
 85.11.1.1 Sjúkrahús, lítil / án mótuneytis
 85.11.4.1 Dvalar- og hjúkrunarheimili án mótuneytis
 85.12.1.2 Heilsugæslustöðvar, stórar
 90.00.0.4 Gámastöð
 90.00.0.5 Gámaflutningaðilar og aðilar sem flytja
 spilliefni
 90.00.0.6 Aðilar sem sérhæfa sig við flutning og
 hreinsun á seyru
 92.61.0.5 Íþróttahús, miðlungs og stór / ásamt íþrótt-
 völlum
 93.04.0.5 Líkamsræktarstöðvar með heitum pottum
 93.04.0.8 Sólbaðsstofur með heitum pottum
 Annað sambærilegt

5. flokkur kr. 29.355

01.23.0.1 Svínarækt < 2000 stæði fyrir alisvín eða 750
 stæði fyrir gyltur
 01.24.0.1 Alifuglarækt < 40.000 stæði
 05.02.1.1 Seiðaðeldisstöðvar > 350.000 seiði og
 afrennsli í ferskvatn
 05.02.4.0 Eldi sjávardýra
 15.11.0.1 Sláturhús, stór
 15.20.6.3 Vinnsla á ferskum fiski, stór
 15.20.8.0 Lagmetisíðja og framleiðsla sjávarréttar, lítil
 15.81.0.2 Bakarí, lítil
 15.82.0.2 Kökugerðir, litlar
 15.85.0.2 Framleiðsla vöru til matvælavinnslu
 15.87.0.2 Krydd- og bragðefnaframleiðsla og þökkun
 24.30.0.1 Málningarverksmiðjur
 24.51.0.1 Hreinlætisvöruverksmiðjur
 35.11.0.1 Stálmíði og stálskipagerð
 41.00.0.4 Vatnsveitur 5.000 – 10.000 íbúar
 51.31.0.2 Heildverslanir, með ávexti og grænmeti
 51.36.0.0 Heildverslanir, með sykri, súkkulaði og
 sælgæti
 51.39.0.2 Heildverslanir, með önnur matvæli, drykkj-
 arvörur og tóbak
 51.44.2.0 Heildverslanir, með hreingerningarefni
 51.45.0.1 Heildverslanir, með snyrtivöru
 51.55.0.1 Heildverslanir, með eiturefni og hættuleg
 efni
 52.11.2.4 Matvöruverslanir, án vinnslu, litlar
 52.11.3.2 Söluturnar, með óvarinnar matvæli, litlar
 52.24.0.1 Smásala á brauðum, kökum og sætabrauði
 án vinnslu
 55.12.0.3 Gististaðir, án veitingasölu, stórir
 55.30.1.8 Brauðstofur
 55.30.2.1 Skemmtistaðir án matsölu
 55.51.0.1 Mötuneyti, með fullbúnu eldhúsi, lítil
 55.51.0.6 Mötuneyti, með móttökueldhúsi, stór
 55.52.0.1 Sala á tilbúnum mat, lítil starfsemi
 75.23.0.2 Fangelsti, miðlungs
 80.10.0.2 Grunnskólar, með móttökueldhúsi
 80.21.0.2 Fræðslustarfssemi á framhaldsskólastigi,
 með móttökueldhúsi
 85.30.0.2 Fræðslustarfssemi á æðra námsstigi, með
 móttökueldhúsi

- 85.11.1.2 Sjúkrahús, miðlungs, með móttökueldhúsi
- 85.11.4.2 Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs, með móttökueldhúsi
- 85.32.2.1 Leikskólar, með móttökueldhúsi
- 85.32.6.1 Félagsaðstaða fyrir fullorðna, með móttökueldhúsi
- 92.31.0.2 Leikhús, með móttökueldhúsi
Annað sambærilegt

6. flokkur kr. 40.170

- 15.20.4.1 Heitloftspurrkun fiskafurða
- 15.20.8.1 Lagmetisíða og framleiðsla sjávarrétt, miðlungs
- 15.82.0.1 Kexverksmiðjur
- 15.82.0.4 Kökugerðir, stórar
- 41.00.0.3 Vatnsveitur > 10.000 íbúar
- 50.50.0.2 Bensínstöðvar, með matvöru
- 52.11.3.3 Söluturnar, með óvarin matvæli, miðlungs
- 55.11.0.1 Gististaðir, með veitingasölu, litlir
- 55.40.0.5 Samkomusalir, með fullbúnu eldhúsi
- 55.51.0.2 Mötuneyti, með fullbúnu eldhúsi, miðlungs
- 63.21.0.1 Vöruflutningamiðstöðvar
- 75.23.0.3 Fangelsi, stór
- 80.10.0.3 Grunnskólar, með fullbúnu eldhúsi
- 80.21.0.3 Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi, með fullbúnu eldhúsi
- 80.30.0.3 Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi, með fullbúnu eldhúsi
- 85.32.2.2 Leikskólar, með fullbúnu eldhúsi
- 85.32.6.2 Félagsaðstaða fyrir fullorðna, með fullbúnu eldhúsi
- 92.31.0.3 Leikhús, með fullbúnu eldhúsi
Annað sambærilegt.

7. flokkur kr. 49.440

- 15.13.0.1 Kjötvinnsur, lítlar
- 15.20.8.2 Lagmetisíða og framleiðsla sjávarrétt, stór
- 52.11.2.5 Matvöruverslanir án vinnslu, miðlungs
- 52.11.3.4 Söluturnar með óvarin matvæli, stórir
- 52.23.0.1 Fiskbúðir, litlar
- 52.24.0.2 Smásala á brauði, kökum og sætabrauði, með vinnslu
- 55.30.1.4 Skyndibitastaðir, litlir
- 55.30.2.0 Skemmtistaðir, með matsölu
- 55.40.0.2 Krár, kaffihús, án matsölu
- 55.51.0.3 Mötuneyti, með fullbúnu eldhúsi, stór
- 55.52.0.2 Sala á tilbúnum mat, miðlungs starfsemi
- 92.61.0.1 Sundstaðir, litlir
Annað sambærilegt

8. flokkur kr. 59.440

- 15.13.0.4 Kjötvinnsur með reykingu, litlar

- 15.33.0.2 Salatgerð
- 15.43.0.0 Smjörlikisgerð
- 15.81.0.3 Bakarí, miðlungs
- 15.84.0.1 Súkkulaði- og sælgætisgerð
- 15.86.0.0 Te- og kaffiframleiðsla
- 15.96.0.0 Bjórgerð
- 15.98.0.2 Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja
- 50.50.0.3 Bensínstöðvar, með veitingasölu
- 52.11.2.1 Matvöruverslanir, með vinnslu, litlar
- 52.11.2.6 Matvælaverslun, án vinnslu, stór
- 52.23.0.3 Fiskbúðir, stórar
- 52.24.0.3 Smásala á brauði, kökum og sætabrauði, með vinnslu og veitingasölu
- 55.11.0.2 Hótel, með veitingasölu, miðlungs
- 55.30.1.1 Matsölustaðir, litlir
- 55.30.1.5 Skyndibitastaðir, miðlungs
- 55.40.0.1 Krár, kaffihús, með matsölu
- 55.52.0.3 Sala á tilbúnum mat, stór
- 92.61.0.2 Sundstaðir, miðlungs
Annað sambærilegt

9. flokkur kr. 72.530

- 15.13.0.2 Kjötvinnsur, miðlungs
- 15.51.0.1 Mjólkurbú
- 15.81.0.4 Bakarí, stór
- 52.11.1.2 Stórmarkaðir, án matvælavinnslu
- 52.11.2.2 Matvöruverslun, með vinnslu, miðlungs
- 55.30.1.2 Matsölustaðir, miðlungs
- 55.30.1.6 Skyndibitastaðir, stórir
- 85.11.4.3 Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór, með fullbúnu eldhúsi
- 92.61.0.3 Sundstaðir, stórir
Annað sambærilegt

10. flokkur kr. 94.890

- 15.13.0.5 Kjötvinnsur, með reykingu, miðlungs
- 52.11.2.3 Matvöruverslanir, með vinnslu, stórar
- 55.30.1.3 Matsölustaðir, stórir
- 85.11.1.3 Sjúkrahús, stór, með fullbúnu eldhúsi
Annað sambærilegt

11. flokkur kr. 104.890

- 15.13.0.3 Kjötvinnsur, stórar
- 55.11.0.3 Hótel, með veitingasölu, stór
Annað sambærilegt

12. flokkur kr. 117.250

- 15.13.0.6 Kjötvinnsur, með reykingu, stórar
- 15.51.0.0 Mjólkurbú og ostagerð
- 52.11.1.1 Stórmarkaðir, með matvælavinnslu
Annað sambærilegt

REGLUGERÐ

um námskeið og prófraun til að öðlast löggildingu til sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

I. KAFLI

Prófnefnd o.fl.

1. gr.

Skipun og hlutverk.

Prófnefnd löggiltra fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, sem dómsmálaráðherra skipar, í reglugerð þessari nefnd prófnefnd, hefur á hendi eftirtalin hlutverk:

- a. forstöðu og ábyrgð á framkvæmd, námskeiða og prófa fyrir þá sem þreyta vilja prófraun til að öðlast löggildingu til að hafa milligöngu um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa,
- b. ákveður námsefni á námskeiði og prófsefni fyrir prófraun, að því leyti sem ekki gilda um það reglur,
- c. fer með samninga við háskóla um framkvæmd námskeiðs og prófa, ef ráðherra ákveður að leitað skuli slíkra samninga,
- d. gerir tillögur til ráðherra um fjárhæðir kennslu- og prófgjalds vegna þátttöku í námskeiði og við að þreyta prófraun,
- e. önnur verkefni, sem henni eru fengin samkvæmt lögum eða reglugerð þessari.

2. gr.

Orðskýringar.

Með orðunum sölu fasteigna, fasteignasölu og fasteignaviðskipti í reglugerð þessari er einnig átt við sölu fyrirtækja, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, og sölu skráningarskyldra skipa. Með orðinu fasteignasala í reglugerðinni er einnig átt við þá, sem hafa löggildingu ráðherra til að annast sölu fyrirtækja og skipa.

3. gr.

Gerðabók.

Prófnefnd skal halda gerðabók. Í hana skal færa ákvarðanir nefndarinnar og niðurstöður prófa.

II. KAFLI

Námskeið.

4. gr.

Framkvæmd.

Námskeið til undirbúnings fyrir þá, sem þreyta vilja prófraun til að öðlast löggildingu til sölu fasteigna, skulu haldin þegar dómsmálaráðherra ákveður.

Eigi er skylt þrátt fyrir auglýsingu um námskeið að efna til námskeiðshalds, nema næg þátttaka fáiast að mati prófnefndar.

Öllum, sem þreyta vilja prófraun til löggildingar sem fasteignasalar, er skylt að sitja námskeið. Prófnefnd skal í upphafi hvers námskeiðs kynna ákvörðun sína um viðveruskyldu í kennslutímum og verklegum æfingum á námskeiðinu og skal hún ekki vera minni en 80%.

Prófnefnd getur heimilað öðrum en þeim, sem áforma að ganga undir próf, að sitja námskeið og skulu þeir ganga fyrir sem hafa starfsreynslu á sviði fasteignasölu. Þeir sem öðlast slíka heimild skulu greiða námskeiðsgjald til jafns við aðra.

5. gr.
Kennsla.

Námskeið vegna fasteignasöluprófs skiptist í þrjá hluta og skal miðað við að kennsla í hverjum hluta standi yfir í að hámarki 5 mánuði. Prófnefnd ákveður nánar kennslutíma, tíma-fjölda í einstökum kennslugreinum og námsefni.

Kennslugreinir á námskeiðinu skiptast þannig milli námskeiðshluta:

I. hluti.

1. Inngangur að lögfræði, einkum réttarheimildir og staða þeirra, lögskýringar og reglur um dómstólaskipan.
2. Eignaréttur, þar með talið reglur um forkaupsrétt og þinglýsingar.
3. Samningaréttur.
4. Ágrip af persónu-, sífja- og erfðarétti, einkum reglur um lögræði, eigendaskipti að fasteignum fyrir erfðir og takmarkanir á heimildum maka og sambúðarfólks til að ráðstafa fasteignum sínum.
5. Ágrip af félagarétti, einkum reglur um flokka félaga, stofnun þeirra, hlutverk og heimildir framkvæmdastjóra, stjórna og félagsfunda til ráðstafana og ábyrgð framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og félagsmanna.
6. Ágrip af réttarfari.

II. hluti.

1. Fasteignakauparéttur.
2. Viðskiptabréfareglur.
3. Veðréttur.
4. Samningar um afnotarétt af fasteignum, einkum leigusamningar.
5. Fjöleignarhús, staða eigenda einkum við rekstur og viðhald og sérstakar skyldur við sölu eignarhluta í fjöleignarhúsum.
6. Aðrir flokkar fasteigna, t.d. jarðir og sérsjónarmið við sölu þeirra.
7. Sérstakar reglur um skip.
8. Sérstakar reglur um fyrirtæki, sem falla undir lög um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004.

III. hluti.

1. Lög um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004.
 - Skilyrði löggildingar.
 - Starfsábyrgðartryggingar.
 - Útibú.
 - Störf og starfshættir fasteignasala.
 - Vörslufjárreikningar.
 - Félag fasteignasala.
 - Reglur um eftirlit með störfum fasteignasala.
2. Söluyfirlit, efni þess og gerð. (Skjalagerð I).
3. Skoðun fasteigna vegna fyrirhugaðrar sölu.
4. Öflun annarra upplýsinga um fasteignir vegna sölu.
5. Skoðun skipa vegna sölu og gerð söluyfirlits.
6. Skoðun fyrirtækja og öflun upplýsinga um rekstur og afkomu. Gerð söluyfirlits.
7. Verðlagning fasteigna, fyrirtækja og skipa.
8. Fjármögnun kaupa á fasteign, fyrirtæki og skipi.
9. Greiðsluáætlanir, vextir og vísitölur.
10. Bókhald, reikningsskil og skattskil.
11. Skjalagerð vegna kaupa á fasteign, fyrirtæki og skipi. (Skjalagerð II).

12. Raunhæf verkefni.

13. Skaðabóta- og refisábyrgð fasteignasala.

Prófnefnd er heimilt að fjölga kennslugreinum, ef hún telur þess þörf.

6. gr.

Kennarar og námsefni.

Nú ákveður ráðherra að samið skuli við háskóla um framkvæmd námskeiðs og ábyrgist þá prófnefnd að háskóli sá, er í hlut á, ráði hæfa kennara til að annast kennslu á námskeiðinu og semji við þá um starfskjör.

Nú stendur prófnefnd fyrir námskeiði og annast framkvæmd þess og gerir hún þá samninga við kennara um að annast kennslu samkvæmt ákvæðum þessa kafla og ákveður starfskjör þeirra, að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

Prófnefnd er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að standa fyrir gerð og útgáfu sérstaks námsefnis fyrir þá sem sækja námskeið. Nefndinni er einnig heimilt að selja námsefnið á kostnaðarverði.

7. gr.

Fjarnám.

Prófnefnd getur ákveðið að þeir, sem eru búsettir í öðrum landshluta en námskeið er haldið í, geti lokið námskeiði í fjarnámi. Skal tryggt að þeir sem það gera hafi aðgang að öllu kennsluefni á námskeiðinu, eigi aðgang að öllum fyrirlestrum, geti leyst öll verkefni og skilað skjölum og öðrum úrlausnum. Þeir skulu einnig sýna fram á, að þeir hafi verið viðstaddir þegar fyrirlestrum og annarri kennslu er miðlað um útvarp eða vefmiðil að sama marki og þeir, sem sitja námskeið.

III. KAFLI

Próf.

8. gr.

Framkvæmd prófa.

Nú annast prófnefnd framkvæmd prófs og skal hún þá semja próf og hafa með höndum einkunnagjöf, sbr. þó 12. gr. Prófnefnd skal annast tilkynningar til þeirra sem þreyta próf.

Sé framkvæmd prófa falin háskóla skulu kennarar semja próf í samráði við prófnefnd og gera tillögur til nefndarinnar um einkunnagjöf, en prófnefnd ber ábyrgð á einkunnagjöf, sbr. 12. gr. Háskóli sem annast framkvæmd prófa skal sjá um allar tilkynningar til þeirra sem þreyta prófraun svo sem um próftíma, prófstað og einkunnir.

9. gr.

Viðmið við val á prófsefni.

Prófnefnd tekur ákvörðun um prófsefni sem prófað er úr á fasteignasöluprófi. Við ákvörðun um prófsefni skal prófnefnd leggja til grundvallar að prófsefnið veiti prófmanni:

- nokkra kunnáttu í fræðikerfi íslenskrar lögræði, um réttarheimildir, stöðu þeirra innbyrðis, skýringu á þeim og um dómstólaskipanina,
- næga þekkingu á reglum um stofnun samninga, reglum um ógildi þeirra og hvaða skuldbindingar felast í samningum um skipti, kaup og sölu og hvaða afleiðingar vanefndir á þeim hafa,
- trausta þekkingu á lögum og reglum sem gilda um fasteignakaup, um skipasölu og um sölu fyrirtækja, einkum reglum sem lúta að réttindum og skyldum fasteignasala, bæði gagnvart kaupanda og seljanda,
- trausta þekkingu á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, og reglugerðum settum samkvæmt þeim,

- e. trausta þekkingu og þjálfun í gerð skjala, sem mesta þýðingu hafa við sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. Sérstök áhersla skal lögð á gerð og efni söluyfirlits, kaupatilboðs, kaupsamnings og afsals,
- f. fræðslu um tæknileg og fjármálaleg atriði, sem helst hafa þýðingu við skoðun og mat á fasteignum, fyrirtækjum og skipum,
- g. nauðsynlega þjálfun í samskiptum við viðskiptamenn og leiðbeiningum til þeirra.

10. gr.

Prófgreinar.

Prófraun fasteignasala samanstandur af þremur prófhlutum og skulu prófgreinar í hverjum hluta samanstanda af þeim kennslugreinum sem getur í 5. gr.

Prófnefnd getur prófað, eða mælt fyrir um að prófað skuli, úr fleiri en einni kennslugrein í hverju prófi, en þó skulu ekki vera færri en þrjú próf úr hverjum hluta námskeiðsins.

11. gr.

Framkvæmd.

Próf vegna hvers hluta námskeiðsins skulu að jafnaði haldin í framhaldi af lokum hans, en prófnefnd er þó heimilt að ákveða aðra skipan, ef sérstaklega stendur á.

Próf skulu að jafnaði vera skrifleg og ekki standa skemur en þrjár klukkustundir. Prófnefnd ákveður nánar próftíma fyrir hvert próf.

12. gr.

Einkunnir.

Prófnefnd getur falið kennara, sem annast hefur kennslu á námskeiði samkvæmt II. kafla að fara yfir próf og gefa einkunn vegna prófverkefnis í viðkomandi grein. Einkunn kennara skal staðfest af prófnefnd, sem ber ábyrgð á einkunnagjöf.

Mat prófnefndar á úrlausn eða staðfesting á einkunn kennara er endanlegt og verður hvorki skotið til sérstaks prófdómara, né til dómsmálaráðherra.

13. gr.

Lágmarkseinkunn.

Einkunnir á prófum skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10.

Prófmaður telst ekki hafa staðist einstök próf hljóti hann lægri einkunn en 5. Til þess að standast fullnaðarpróf þarf prófmaður að hljóta a.m.k. 7 í meðaleinkunn úr prófum á hverjum námskeiðshluta. Próftaka á hverjum hluta er háð því að prófmaður hafi lokið prófum á fyrri námskeiðshlutum með tilskilinni lágmarkseinkunn.

Standist prófmaður ekki próf getur hann sótt um að endurtaka prófið einu sinni enda hafi skrifleg umsókn verið borin fram við prófnefnd innan 15 daga frá sendingardegi bréfs prófnefndar um einkunnir.

14. gr.

Undanþágur frá prófi.

Prófnefnd getur samþykkt, að sá sem lokið hefur embættis- eða meistaraþrófi frá laga-deild háskóla sé undanþeginn töku prófa í lögfræðigreinum sem tilgreindar eru í tl. 1-6 á I. hluta, og 1-4 á II. hluta, enda hafi greinarnar verið hluti af námi hans til framangreindra prófgráða. Skal prófmaður afhenda prófnefnd staðfestingu á prófi sínu og yfirlit um námskeið þau er hann hefur lokið.

Dómsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn prófnefndar, veitt prófmanni, sem um það sækir, undanþágu frá því að þreyta próf í einstökum greinum, enda sýni prófmaður fram á það með fullnægjandi hætti að hann hafi staðist sambærileg próf á háskólastigi.

Prófmaður, sem sannar að hann hafi með fullnægjandi hætti lokið prófum í einstökum greinum eða hlutum á námskeiðum, sem haldin voru fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, er undanþeginn skyldu til þess að taka próf í sömu greinum eða sömu hlutum á námskeiði samkvæmt þessari reglugerð. Nú eru liðin fimm ár frá því að prófmaður lauk prófi því, sem um ræðir, og metur þá prófnefnd, hvort veita eigi prófmanni undanþágu. Skal prófnefnd sérstaklega líta til þess, hvort löggjöf á því réttarsviði, sem um ræðir hafi breyst frá því prófmaður lauk prófi.

Prófmaður sem sækir um undanþágu skal sýna fram á það með vottorði frá viðkomandi menntastofnun hvaða próf hann hefur staðist, námskeiðslýsingu á því og prófsefni.

15. gr.

Sjúkrapróf.

Nú sannar prófmaður, að honum hafi verið ómögulegt að þreyta próf vegna veikinda eða slysa er það skyldi halda og getur hann þá sótt um til prófnefndar að fá að þreyta sjúkrapróf. Prófnefnd er einungis heimilt að halda sjúkrapróf að prófmaður leggi fram vottorð læknis um veikindin eða slysið, sem reist er á skoðun læknis á prófmanni.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Námskeiðs- og prófgjald.

Til að standa straum af kostnaði við námskeið og próf samkvæmt þessari reglugerð skulu þátttakendur greiða sérstakt námskeiðs- og prófgjald. Ráðherra ákveður gjald þetta að fenginni tillögu prófnefndar og skal það greitt fyrir tímamark, sem prófnefnd ákveður. Gjaldið skal ákveðið fyrir hvern hluta námskeiðsins um sig, nema ráðherra ákveði aðra skipan.

17. gr.

Heimildir EES-borgara.

Prófnefnd skal standa fyrir prófum fyrir þá, sem fengið hafa leyfi eða heimild til þess að starfa við sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa eða málflutning í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, og óska löggildingar dómsmálaráðherra samkvæmt lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

Skal prófnefnd meta þá menntun sem liggur að baki hinu erlenda leyfi og á grundvelli þess ákveða hvernig próf viðkomandi skuli þreyta. Skal við það miðað að sömu kröfur um þekkingu séu gerðar til umsækjanda og til íslenskra borgara.

18. gr.

Gildistaka og brottfall eldri reglugerðar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í b-lið 26. gr. laga nr. 99 frá 9. júní 2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, nr. 612 frá 31. júlí 2001, sbr. reglugerð nr. 678/2001.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. október 2004.

Björn Bjarnason.

Drífa Pálsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir ljósrit eða afrit sem veitt eru á grundvelli upplýsingalaga.

1. gr.

Gildissvið.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir ljósrit eða afrit af gögnum sem afhent eru samkvæmt beiðni á grundvelli upplýsingalaga.

2. gr.

Ljósrit eða afrit af skjölum.

Fyrir ljósrit eða afrit af skjölum er heimilt að krefjast 10 kr. fyrir hverja blaðsíðu í stærðinni A4 eða A5.

Fyrir ljósrit eða afrit skjala í stærðinni A3 er heimilt að krefjast 15 kr. fyrir hverja blaðsíðu og 20 kr. í stærðinni A2.

3. gr.

Endurritun skjala.

Þegar skjal er endurritað samkvæmt beiðni er heimilt að krefjast 150 kr. fyrir hverja blaðsíðu.

4. gr.

Afrit af öðrum gögnum.

Fyrir afrit af öðrum gögnum en skjölum, s.s. myndum, teikningum, örfilum, myndböndum og hljóðupptökum, má heimta þann kostnað sem af afrituninni leiðir.

5. gr.

Aðkeypt þjónusta.

Þegar fjölföldunaraðstaða er ekki fyrir hendi eða umfang verks er slíkt er heimilt að fela öðrum að annast ljósritun, afritun eða endurritun skjala eða annarra gagna.

Fyrir aðkeypta þjónustu skal greitt samkvæmt reikningi þess er hana annast.

6. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 12. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 579/1996.

Forsætisráðuneytinu, 13. október 2004.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

Halldór Árnason.

